
Skráning fornleifa í Skeiðahreppi

Hefti I



Ritstjóri: Ragnheiður Gló Gylfadóttir

Höfundar efnis: Brynja Árnadóttir, Gylfi Helgason, Jóhanna V. Guðmundsdóttir, Lilja Laufey Davíðsdóttir, Magnea Dís Birgisdóttir, Orri Vésteinsson, Ragnheiður Gló Gylfadóttir, Rúnar Leifsson, Sigrún Drífa Þorfinnsdóttir og Stefán Ólafsson.

Fornleifastofnun Íslands
Reykjavík 2026
FS1085-19361



Forsíðumyndin er af bæjarból og -tóftum ÁR-261:001 í Miðbýli, horft er til norðvesturs. Bæjarbóllinn og tóftir síðasta bæjarins eru einu slíku minjarnar sem eftir eru óraskaðar á Skeiðum. Myndina tók Magnea Dís Bjarnadóttir.

© Fornleifastofnun Íslands 2026

Bræðraborgarstígur 9

101 Reykjavík

Sími: 551 1033

Netfang: fsi@fornleif.is

Heimasíða: www.fornleif.is

Samantekt

Í þessari skýrslu birtast niðurstöður aðalskráningar fornleifa sem unnin var í Skeiðahreppi sumrin 2019-2022. Skráningu gamla hreppsins var haldið áfram þaðan sem frá var horfið árið 2017 og hafa því allar jarðir í hreppnum verið skráðar. Efniviður skýrslunnar er umfangsmikill og því er henni skipt niður í þrjú bindi.

Samanlagt voru skráð 30 lögbýli á þessum fjórum árum auk fornleifa sem tilheyra fleiri en einni jörðu. Skráðar voru mjög fjölbreyttar fornleifar s.s. fjöldi bæjarhóla, hverskyns útihús og aðhöld fyrir skepnur, garðlög, áveitu- og samgönguminjar. Í skýrslunni birtast upplýsingar um 1167 fornleifar sem skráðar voru á 999 minjastöðum. Hér birtast að auki niðurstöður fornleifaskráningar sem var unnin árið 2017, auk fjögurra yngri skráninga sem unnar hafa verið vegna skipulagsmála frá því að aðalskráningunni lauk. Þetta er gert í þeim tilgangi að í skýrslunni sé að finna upplýsingar um allar skráðar minjar í hreppnum.

Ástand fornleifa á skráningarsvæðinu er fremur slæmt, en í meira en helmingi tilfella eru öll yfirborðsummerki um minjastaði horfin. Í flestum tilvikum hafa minjastaðir horfið vegna túnasléttunar og framkvæmda af ýmsu tagi s.s. bygginga, vegagerðar eða niðurrifs. Auk þess getur breytt landnýting í mörgum tilfellum falið í sér ákveðna ógn við minjar en innan skráningarsvæðis er búið að ræsa mikið af landi fram og slétta í tún.

Efnisorð: Fornleifastofnun Íslands, fornleifaskráning, aðalskráning, Skeiðahreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Summary

This report presents the results of a general archaeological survey undertaken in Skeiðahreppur, in the municipality of Skeiða- and Gnúpverjahreppur in southern Iceland. The fieldwork was carried out in the summers of 2019-2022 and due to the extensive scope of the work the report is divided into three volumes. The survey resumed from where it had left off in 2017, and as a result all farms in the district (Skeiðahreppur) have now been recorded. In total, 30 farms were surveyed during these four years, in addition to archaeological sites associated with more than one farm. A wide variety of archaeological features were recorded, such as numerous farm mounds, various types of outhouses and livestock enclosures, various boundaries and irrigation structures.

The report contains information on 1167 archaeological features recorded at 999 sites. It also includes the results of archaeological survey carried out in 2017, as well as four more recent surveys conducted in relation to planning proposals after the completion of the main survey. This is done to ensure that the report contains information on all recorded archaeological remains in the municipality at the time of its publication.

The condition of the archaeological remains within the survey area is rather poor, and in more than half of all cases all surface traces of the sites have disappeared. In most cases, sites

have been lost due to field leveling and various types of construction activities such as building development, road construction, and demolition. In addition, changes in land use pose a certain threat, as large areas have been drained and leveled for hayfields.

Keywords: Institute of Archaeology Iceland, archaeology, general survey, Skeiða- and Gnúpverjahreppur municipality

Efnisyfirlit

Hefti I

1.	Inngangur	9
2.	Saga fornleifaskráningar á Íslandi	12
3.	Aðferðir við fornleifaskráningu	14
4.	Staðhættir og byggðapróun	16
	Þróun byggðar í ljósi fornleifa	16
	Rannsóknir á fornleifum á Skeiðum	19
5.	Samantekt um helstu minjaflokka	21
	Bæjarhólar og býli	21
	Kirkjur, kuml og legstaðir	24
	Tún og túngarðar	25
	Útihús innan heimatúna	27
	Kálgarðar	33
	Kvíar, stekkir, nátthagar og réttir	35
	Fjárskýli, beitarhús, heystæði og sel	39
	Vörslugarðar	46
	Landnýting utan túna (mógrafir, torfrista, malar- og grjótnám)	47
	Nýting á vatni	51
	Samgönguminjar	58
	Landamerki	66
	Aðrar minjar og viðbætur	67
6.	Fornleifar á Skeiðum	68
	Heimildir	73
	Óprentaðar heimildir	75
	Viðauki I: Hnitaskrá í isn93	80


Hefti II

1. ÁR-233	Fjall	9
2. ÁR-234	Framnes	43
3. ÁR-235	Birnustaðir	66
4. ÁR-236	Álfsstaðir	88
5. ÁR-237	Ósabakki	112
6. ÁR-238	Reykir	124
7. ÁR-239	Húsatóftir	150
8. ÁR-240	Hlemmiskeið	182
9. ÁR-241	Brjánstaðir	197
10. ÁR-242	Votamýri	211
11. ÁR-243	Blesastaðir	226
12. ÁR-244	Skeiðháholt	237
Viðauki I:	Minjakort	252
Viðauki II:	Hnitaskrá Isn93	285

Hefti III

13. ÁR-245	Kálfhóll	9
14. ÁR-246	Kílhraun	30
15. ÁR-247	Borgarkot	50
16. ÁR-248	Arakot	60
17. ÁR-249	Langamýri	71
18. ÁR-250	Árhraun	89
19. ÁR-251	Ólafsvellir	103
20. ÁR-252	Vesturkot	131
21. ÁR-253	Minni-Ólafsvellir	134
22. ÁR-254	Björnskot	137
23. ÁR-255	Norðurgarður	140
24. ÁR-256	Andrésfjós	143

25. ÁR-257	Brúnavellir efri	146	
26. ÁR-258	Brúnavellir syðri	158	
27. ÁR-259	Brúnavallakot	168	
28. ÁR-260	Vorsabær	176	
29. ÁR-261	Miðbýli	193	
30. ÁR-262	Útverk	213	
31. ÁR-661	Fornleifar á fl. en einni jörð		226
Viðauki I: Minjakort		252	



Mynd 1: Yfirlitsmynd af Skeiðahreppi og skráðum fornleifum. Skráningarsvæðið er sýnt með bláum kassa á innföllu Íslandskorti

1. Inngangur

Árið 2019 gerðu Fornleifastofnun Íslands og Skeiða- og Gnúpverjahreppur með sér samning um aðalskráningu fornleifa innan sveitarfélagsins. Aðalskráningin byggir á svæðisskráningu sem var unnin af Fornleifastofnun árið 2016.¹ Samningurinn var til þriggja ára og var áætlað að skrá 1000-1200 minjastaði á því tímabili og ekki fleiri en 400 staði á ári. Skráningarsvæðið afmarkaðist við Skeiðahrepp og voru allar jarðir í hreppnum skráðar auk fornleifa sem teljast vera á fleiri en einni jörð (sjá mynd 1). Síðastnefndu fornleifarnar eru aðallega samgönguminjar auk Skeiðaáveitu. Rætt var að skrá sveitarfélagið í heild sinni en ákveðið að byrja á því að semja um hluta þess, hinn gamla Skeiðahrepp, með það að markmiði að halda skráningunni síðar áfram í Gnúpverjahreppi.



Mynd 2: Horft til suðurs yfir Skeiðin, niður hlíðar Vörðufells. Hvítá er til hægri á myndinni en hér sést vel hvernig ræktuð tún eru áberandi í framtöstu votlendi.

Fyrsti áfangi skráningar hófst þar sem frá var horfið á Skeiðunum.² Hann var unninn haustið 2019 og sumarið 2020. Árið 2019 voru jarðirnar Kílhraun³ og Borgarkot skráðar en árið 2020 jarðirnar Brjánsstaðir, Votamýri, Blesastaðir, Skeiðháholt, Kálfhóll, Arakot, Langamýri og Árhraun. Í fyrsta áfanga voru því samanlagt skráðar 358 fornleifar á 297 minjastöðum. Annar áfangi var

1 Kristjana Vilhjálmsdóttir, 2016.

2 Orri Vésteinsson skráði kirkjur á Skeiðum árið 2002. Árið 2017 fór fram aðalskráning fornleifa innan þéttbýliskjarna sveitarfélagsins, sjá Ragnheiður Gló Gylfadóttir o.fl., 2017a. Á árunum 2018-2019 voru valdar jarðir í Gnúpverjahreppi aðalskráðar að auki en þær koma ekki hér við sögu, sjá Ragnheiður Gló Gylfadóttir o.fl., 2021.

3 Árið 2006 var 101 ha deiliskipulagsreitur skráður í landi Kílhrauns og var sú skráning uppfærð árið 2019. Sjá Rúnar Leifsson, 2006.

unninn sumarið 2021. Þá voru jarðirnar Fjall, Hlemmiskeið, Ólafsvellir, Vesturkot, Minni-Ólafsvellir, Björnskot, Norðurgarður, Andrésfjós, Efri-Brúnavellir, Syðri-Brúnavellir, Brúnavallakot, Miðbýli og Útverk skráðar. Samtals voru þá skráðar 373 fornleifar á 311 minjastöðum. Þriðji og síðasti áfangi var unninn árið 2022. Jarðirnar Framnes, Birnustaðir, Álfsstaðir, Ósabakki, Reykir og Vorsabær voru þá heimsóttar og að auki skráðar fornleifar á fleiri en einni jörð. Alls voru þá skráðar 359 fornleifar á 324 minjastöðum. Samanlagt voru því skráðir 932 minjastaðir og 1090 fornleif á árunum 2019-2022.

Lögbyli	Skráningarár	Minjastaðir	Fornleifar
ÁR-233 Fjall	2021	72	84
ÁR-234 Framnes	2022	46	52
ÁR-235 Birnustaðir	2022	42	50
ÁR-236 Álfsstaðir	2022	51	59
ÁR-237 Ósabakki	2022	30	32
ÁR-238 Reykir	2022	69	79
ÁR-239 Húsatóftir	2017	68	73
ÁR-240 Hlemmiskeið	2021	39	44
ÁR-241 Brjánsstaðir	2020	28	37
ÁR-242 Votamýri	2020	33	40
ÁR-243 Blesastaðir	2020	20	26
ÁR-244 Háholt	2020	34	36
ÁR-245 Kálfhóll	2020	42	54
ÁR-246 Kilhraun	2019	45	50
ÁR-247 Borgarkot	2019	19	20
ÁR-248 Arakot	2020	19	24
ÁR-249 Langamýri	2020	36	44
ÁR-250 Árhraun	2020	21	32
ÁR-251 Ólafsvellir	2021	52	64
ÁR-252 Vesturkot	2021	7	8
ÁR-253 Minni-Ólafsvellir	2021	5	6
ÁR-254 Björnskot	2021	5	6
ÁR-255 Norðurgarður	2021	4	5
ÁR-256 Andrésfjós	2021	6	7
ÁR-257 Brúnavellir efri	2021	25	29
ÁR-258 Brúnavelli syðri	2021	18	19
ÁR-259 Brúnavallakot	2021	17	19
ÁR-260 Vorsabær	2022	40	41
ÁR-261 Miðbýli	2021	32	48
ÁR-262 Útverk	2021	28	33
ÁR-661 Fornleifar á fleiri	2019-2022	46	46

Tafla 1: Skráðar jarðir á Skeiðum.

Frá því að skráningunni lauk árið 2022 hafa farið fram fjögur minni skráningarverkefni á

Skeiðum⁴ og var gögnum úr þeirri skráningu bætt við skýrsluna auk þess sem aðalskráningin frá árinu 2017 var uppfærð eftir þörfum og upplýsingarnar birtar í þessari skýrslu. Samtals eru því upplýsingar um 1167 fornleifar á 999 minjastöðum að finna í skýrslunni.

Við skráninguna var farið á jarðirnar sem til rannsóknar voru, rætt við staðkunnuga og gengið á alla þekktu minjastaði. Á hverjum minjastað var gerð grein fyrir staðháttum, gefnar leiðbeiningar um hvar staðinn væri að finna og fornleifum lýst. Þar sem tóftir eða önnur mannvirki voru sýnileg voru þær mældar upp og af þeim teknar myndir. Ástand allra minjastaðanna var metið og sömuleiðis hvort þeir teldust í hættu, og þá hvers vegna. Staðsetningarhnit voru tekin á öllum þeim minjastöðum sem unnt reyndist að staðsetja og eru þeir sýndir á loftmyndir frá Loftmyndum ehf. í landfræðilegum upplýsingakerfum (GIS).

Um vettvangsvinnu sáu þau Gylfi Helgason, Jóhanna V. Guðmundsdóttir, Magnea Dís Bjarnadóttir, Ragnheiður Gló Gylfadóttir og Sigrún Drífa Magnúsdóttir, allt fornleifafræðingar.⁵ Allar ljósmyndir í skýrslunni eru teknar af skrásetjurum Fornleifastofnunar Íslands nema annað sé tekið fram. Ragnheiður Gló sá um verkstjórn og ritun skýrslu en Brynja Árnadóttir sá um gerð teikninga.

Vegna mikils umfangs skráningarinnar er skýrslunni skipt í þrjú hefti. Uppbygging á hefti I er með þeim hætti að eftir inngangskafli er fyrst sagt í stuttu máli frá löggjöf um minjavernd og sögu fornleifaskráningar (2. kafli) og í kjölfarið farið yfir aðferðafræði við skráningu Fornleifastofnunar Íslands (3. kafli). Í kjölfarið er að finna samantekt um helstu minjaflokka sem skráðir voru (4. kafli). Í skýrslulok verða niðurstöður skráningarinnar svo dregnar saman í heild sinni og gert grein fyrir helstu einkennum byggðarinnar. Aftast eru viðaukar og minjakort sem sýna dreifingu minjastaðanna á því svæði sem fjallað er um. Í heftum II og III er ítarleg fornleifaskrá þar sem fjallað er um þær fornleifar sem skráðar voru innan sveitarinnar. Í skránni er fjallað sérstaklega um hvern minjastað, sagt frá staðsetningu minjanna, aðstæðum og þeim lýst.

Skrásetjarar vilja þakka öllum þeim sem aðstoðuðu við skráninguna á einn eða annan hátt. Nöfn þeirra heimildamanna sem lögðu skrásetjurum lið og miðluðu af þekkingu sinni um minjar á svæðinu er að finna aftast í heimildaskrá.

Rétt er að undirstrika hversu mikilvægum áfanga er náð með þessari grunnskráningu fornleifa á Skeiðum. Innan hreppsins er mikill minjafjöldi og með skráningunni er lagður grunnur að bættri minjavörslu og um leið auðveldari yfirsýn yfir fornleifar á svæðinu. Mikilvægi þess að skráningin sé nýtt við skipulagsgerð er ekki bara hagsmunamál sveitarfélagsins, ábúenda og landeigenda auk þeirra sem vinna við stjórnslu heldur allra sem hafa áhuga á þessu landssvæði og sögu þess.

4 Brynja Árnadóttir 2025, Brynja Árnadóttir og Ragnheiður Gló Gylfadóttir 2025, Gylfi Helgason 2025, Ragnheiður Gló Gylfadóttir 2025.

5 Fornleifafræðingarnir Brynja Árnadóttir, Lilja Laufey Davíðsdóttir, Orri Vésteinsson, Rúnar Leifsson og Stefán Ólafsson komu að eldri sem og yngri skráningum innan sveitarfélagsins sem hér birtast upplýsingar um.

2. Saga fornleifaskráningar á Íslandi

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenska fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980. Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning. Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (heimildaskráning).

Á undanförunum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 21. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Er þessi fornleifakönnun í anda þeirra markmiða sem sett hafa verið þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölbætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk.

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skerúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bjarstæði og bjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskubauga, búsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bannhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegiroggötur, leifar af stíflum, leifar af brúmogöðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalagi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, haf og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og

*aðrir staðir og kennileiti sem tengjast síðum, venjum, fjóðtrú eða fjóðsagnabefð,
g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum
eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
b. haugar, dysjar og aðrir grefstrumarstaðir úr heiðnum eða kristnum síð,
i. skipsflök eða blutar þeirra.*

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.⁶

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu. Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands. Komi til björgunargraftar vegna framkvæmda, ber framkvæmdaaðili þann kostnað sem af því hlýst.

6 Sjá <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>

3. Aðferðir við fornleifaskráningu

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SP o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin auðkenni sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: RA-191:001). Ef fleiri en ein fornleif er á minjastað bætist einingánúmer aftast í töluröðina (dæmi: RA-191:001_01, RA-191:001_02 o.s.frv.). Fornleifaskrá hvernjar jarðar hefst á stuttu yfirliti yfir skiptingu jarðarinnar, eignarhald hennar og matsverð, og einnig er gefin stutt lýsing á náttúrufari og búskaparaðstæðum og sléttun túna. Þar á eftir kemur listi yfir fornleifar sem fundist hafa heimildir um.

Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hvernjar greinar eru grunnupplýsingar; auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti minjastaðar, ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða nátttröll). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða.


Á eftir hlutverki kemur mæling hnattstöðu sem er gerð með Trimble Geoexplorer 6000 mælitæki og er mælt í miðju hvernjar fornleifar. Áætlað frávik frá miðju er oftast ekki meira en 1 metri að meðaltali. Samkvæmt lögum hafa allar fornleifar 15 m helgunarsvæði frá ystu mörkum minjastaðarins. Helgunarsvæði friðlýstra fornleifa er enn stærra, eða 100 m frá ystu mörkum. Þar sem kemur fram „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með allt að 50 metra frávikum.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem eiga þar við.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Hættustig eru eftirfarandi: 1) engin hættu, 2) hættu og 3) mikil hættu. Þeir minjastaðir sem eru fjarri byggð og öllu því umróti sem hugsanlega gæti skemmt þá teljast ekki í hættu. Minjar á eða við svæði þar sem framkvæmdir eiga sér stað teljast í hættu ef hugsanlegt er talið að þeim verði rótað. Sem dæmi um slíka staði má telja fornleifar í túni en þær teljast í hættu vegna þess umróts sem fylgir ábúð og búskap og minjastaðir sem eru á svæði þar sem framtíðar landnotkun er óráðin. Í stórhættu teljast minjastaðir þar sem miklar líkur teljast á raski vegna áætlaðs eða fyrirsjáanlegs umróts. Sem dæmi

um slíka staði má nefna minjastaði sem eru á skipulagssvæði þéttbýlis, inni í skógræktarreitum, innan áhrifasvæðis stórframkvæmda eða sem uppblástur ógnar.

Þá er í síðustu línu getið heimilda, ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.



Mynd 3: Dæmi um framsetningu á minjastað í skýrslum Fornleifastofnunar Íslands.

Skýringar

— áveita	— sandvarnir	■ renna
- - - bæjarhóll	— steypa	■ steypa
— efnistaka	- - - þúst	■ torf
— hleðsla	□ bæjarhóll	■ torf og grjót
- - - leið	□ efnistaka	□ vegur
— loftmynd	□ flóðgarður	□ þúst
— niðurgröftur	■ grjót	□ landamerki (gróf afmörkun)
— óljóst	□ loftmynd	○ skráðar fornleifar
— renna	□ niðurgröftur	

Mynd 4: Eftirtaldar skýringar eiga við allar uppmælingar sem birtast á myndum og kortum í skýrslunni, nema annað sé tekið fram.

4. Staðhættir og byggðapróun

Skeiðahreppur er á milli Þjórsár til austurs og Hvítár til vesturs. Til suðurs afmarkast hreppurinn af Merkurhrauni en Stóra-Laxá og Sandlækjarós eru á norðurmörkum. Þjórsárhraun er undir stórum hluta sveitarinnar en tvö grágýtisholt standa upp úr, Húsatóftaholt og Skeiðháholt, auk Reykjahóls sem er mun minni. Árflóð, þá sérstaklega úr Hvítá, hafa fyllt upp í Þjórsárhraunið í gegnum árþúsundin og jarðvegur er gjarnan þykkur og víða hefur myndast mór. Hraunið sést þó enn á þremur svæðum, Merkurhraun nær yfir hluta syðstu jarðanna, Gráhelluhraun er sunnan við Vörðufell nánast í miðri sveit og hraun sést einnig austan við Vörðufell á fremur litlu svæði. Í norðvesturjaðri Þjórsárhraunsins eru stórir vikurhólar, eða holt, sem setja svip á þann hluta.⁷

Sveitin er flatlend og víðsýnt er til allra átta. Landið einkennist af flötum mýrum en inn á milli eru grónir hraunhólar, rimar og lág holt, þar sem bæirnir standa gjarnan. Vörðufjall er eina fjall sveitarinnar og sker sig verulega úr í landslaginu. Stór hluti jarða á Skeiðum fór undir vatn og ís á vetrum áður en framræsla kom til. Mikið vatn kom að auki frá Vörðufelli sem rann yfir sveitina.⁸ Ágangur Hvítar og Þjórsár olli miklum erfiðleikum og landbroti á flestum jörðunum sem áttu land að þeim, allt þar til farið var að ræsa land fram. Fyrsti varnargarðururinn við Þjórsá var reistur árið 1977 og voru fleiri hlaðnir næsta áratuginn. Hið sama má segja um Hvítá, fyrstu garðar voru hlaðnir þar árið 1965 og fleirum bætt við allt fram til ársins 1985.⁹ Reykjasandur olli tjóni á nærliggjandi jörðum um aldir en árið 1907 var hafist handa við sandvarnir þar, fjölmargir grjótgarðar voru hlaðnir og árið 1908 var svæðið girt af. Engin uppblástur er nú á þessu svæði og Reykjasandur því sem næst horfinn.

Þróun byggðar í ljósi fornleifa

Ýmsar vísbendingar má fá um upphaf og þróun byggða á svæðum með því að rýna í ritaðar heimildir. Þar má helst nefna Landnámabók, Biskupasögur, Sturlungasögur, fornbréf, máldagar og fornsögur. Elstu ritheimildir eru frá byrjun 13. aldar og fornbréf/máldagar eru til frá 14. öld. Þá má draga ályktanir af dýrleika jarða. Dýrleikinn var fasteignamat sem virðist hafa verið fastsett snemma, a.m.k. þegar á 12. öld og má því hafa hann sem vísbendingu um misjöfn gæði jarðanna. Sennilegt verður að telja að dýrustu jarðirnar séu á þeim stöðum sem bestir voru til búsetu og því líklegir til að hafa byggst fyrst. Jarðir þar sem kirkjur og bænhús hafa verið, voru að jafnaði stærri og dýrari en þær sem ekki höfðu slík hús og er því freistandi að álykta að minniháttar jarðir séu seinna til komnar, eða hafi að minnsta kosti ekki verið orðnar sjálfstæð býli á fyrri hluta 11. aldar. Kuml eru enn fremur sjálfstæð heimild um byggð fyrir árið 1000. Aðferðirnar sem hér verður beitt til þess að skoða sögu byggðar á svæðinu eru þær að fyrst er litið á landnám á Skeiðum líkt og það

7 SB I, 407-408; Jón Eiríksson 2008, 15-16.

8 SB I, 423, Jón Eiríksson 2008, 18-19.

9 Jón Eiríksson 2008, 445-447, 477-482.

Auðkenni	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Ástand	Hættumat	Ábúð (grófllega)
ÁR-233:001_01	Fjall	bæjarhóll	bústaður	sést til	hætta	1200
ÁR-233:010	Miðhús	heimild	býli	ekki sést til fornleifar	engin hætta	sagnir af bæ
ÁR-233:023	Hosiló	þúst	bústaður	sést til	hætta	19. öld
ÁR-233:026_01	Gvendarhóll/ Gvendarhaugur	bæjarhóll	bústaður	sést til	engin hætta	
ÁR-233:026_02		tóft	bústaður	hleðslur signar	engin hætta	
ÁR-233:067	Hagi	heimild	býli	ekki sést til fornleifar	engin hætta	sagnir af bæ
ÁR-233:069	Snútur	heimild	býli	ekki sést til fornleifar	engin hætta	
ÁR-234:001_01	Framnes	bæjarhóll	bústaður	sést til	hætta	fyrst getið 1220
ÁR-234:001_04		hús	bústaður	sést til	hætta	
ÁR-235:001_01	Birnustaðir	bæjarhóll	bústaður	ekki sést til fornleifar	hætta	fyrst getið 1220
ÁR-236:001_01	Álfsstaðir	bæjarhóll	bústaður	sést til	hætta	
ÁR-236:008	Otthóll	heimild	bústaður	ekki sést til fornleifar	hætta	17.-18. öld
ÁR-237:001_01	Ósabakki	bæjarhóll	bústaður	ekki sést til fornleifar	hætta	byggist um 1680
ÁR-237:009		heimild	býli	ekki sést til fornleifar	hætta	fornt eyðibýli 1703
ÁR-238:001_01	Reykir	bæjarhóll	bústaður	sést til	hætta	getið í Njálu
ÁR-238:013	Efre Reiker	heimild	býli	ekki sést til fornleifar	engin hætta	Í eyði um 1690- 1700
ÁR-238:014	Reykjahjáleiga/ Litlu-Reykir	heimild	býli	ekki sést til fornleifar	engin hætta	sagnir af bæ
ÁR-238:016_01	Tættur	bæjarstæði	býli	ekki sést til fornleifar	hætta	19. öld
ÁR-239:001_01	Húsatóftir	bæjarhóll	bústaður	sést til	hætta	getið í Flóa- manna sögu
ÁR-239:049	Holt	þúst	býli	sést til	hætta	byggist um 1670
ÁR-240:001_01	Hlemmiskeið	bæjarhóll	bústaður	hleðslur útflattar	hætta	
ÁR-240:012	Hlemmiskeiðs- hjáleiga	heimild	býli	hleðslur útflattar	hætta	í eyði 1735
ÁR-240:024_02		heimild	býli	ekki sést til fornleifar	engin hætta	sagnir af bæ
ÁR-240:030	Ranakot	heimild	býli	ekki sést til fornleifar	hætta	sagnir af bæ
ÁR-241:001	Brjánstaðir	bæjarhóll	bústaður	ekki sést til fornleifar	stórhætta	
ÁR-241:007	Sléttakot	heimild	býli	ekki sést til fornleifar	engin hætta	ekki getið í heimildum
ÁR-241:008_01	Miðkot	bæjarhóll	bústaður	sést til	engin hætta	ekki getið í heimildum
ÁR-242:001_01	Votamýri	bæjarhóll	bústaður	sést til	hætta	
ÁR-242:024		heimild	býli	ekki sést til fornleifar	engin hætta	fornt árið 1703
ÁR-243:001_01	Blesastaðir	bæjarhóll	bústaður	sést til	stórhætta	fyrst getið 1397
ÁR-244:001	Háholt (Háfholt)	bæjarhóll	bústaður	sést til	hætta	
ÁR-244:002	Háholt (Háfholt)	bæjarhóll	bústaður	sést til	hætta	
ÁR-244:010	Háfholltzkot/ Háholtshjáleiga	heimild	býli	ekki sést til fornleifar	hætta	byggist um 1670
ÁR-245:001_01	Kálfhóll	bæjarhóll	bústaður	sést til	hætta	
ÁR-245:023_01	Stekkur	þúst	býli	sést til	engin hætta	sagnir af bæ
ÁR-246:001_01	Kílhraun	bæjarhóll	bústaður	sést til	hætta	

ÁR-246:025	Kýlhraunskot	heimild	býli	ekki sést til fornleifar	engin hætta	í eyði um 1690, byggist aftur upp á 19. öld
ÁR-247:001_01	Borgarkot	bæjarhóll	bústaður	sést til	hætta	
ÁR-248:001_01	Arakot	bæjarhóll	bústaður	ekki sést til fornleifar	hætta	
ÁR-249:001	Langamýri	bæjarhóll	bústaður	ekki sést til fornleifar	hætta	
ÁR-250:001_01	Árhraun	bæjarhóll	bústaður	ekki sést til fornleifar	stórhætta	í eyði 1946
ÁR-251:001_01	Ólafsvellir	bæjarhóll	bústaður	ekki sést til fornleifar	hætta	Landnáma
ÁR-251:024	Gata	heimild	býli	ekki sést til fornleifar	hætta	í eyði um 1700
ÁR-251:025	Brenna	bæjarstæði	býli	sést til	stórhætta	í eyði um 1701
ÁR-251:038	Gerði	örnefni	býli	ekki sést til fornleifar	engin hætta	sagnir af bæ
ÁR-252:001_01	Vesturkot	bæjarhóll	bústaður	sést til	hætta	
ÁR-253:001_1	Minni-Ólafsvellir	bæjarhóll	bústaður	ekki sést til fornleifar	hætta	
ÁR-254:001_01	Björnskot	bæjarhóll	bústaður	ekki sést til fornleifar	hætta	
ÁR-255:001_01	Norðurgarður	bæjarhóll	bústaður	ekki sést til fornleifar	hætta	
ÁR-256:001_01	Andrésfjós	bæjarhóll	bústaður	sést til	hætta	
ÁR-257:001_01	Brúnaveilir efri	bæjarhóll	bústaður	sést til	hætta	fyrst getið á 16. öld
ÁR-258:001_01	Brúnaveilir syðri	bæjarhóll	bústaður	sést til	stórhætta	fyrst getið á 16. öld
ÁR-258:011	Oddleifstopt	heimild	býli	ekki sést til fornleifar	engin hætta	byggist um 1690
ÁR-259:001_01	Brúnavallakot	bæjarhóll	bústaður	sést til	hætta	byggist um 1680
ÁR-259:010_01	Strútur	bæjarhóll	býli	sést til	hætta	byggist um 1680
ÁR-260:001_01	Vorsabær	bæjarhóll	bústaður	sést til	hætta	fyrst getið 1220
ÁR-260:018	Vorsabæjarhjáleiga	bæjarhóll	býli	sést til	hætta	um 1640-1690
ÁR-260:019	Efri-Hjáleiguhóll	örnefni	býli	sést til	hætta	sagnir af bæ
ÁR-261:001_01	Miðbýli	bæjarhóll	bústaður	sést til	hætta	
ÁR-261:001_2		tóft	bústaður	hleðslur standa	hætta	
ÁR-261:010	Miðbýliskot	bæjarhóll	býli	sést til	hætta	í eyði á 18. öld
ÁR-262:001_01	Útverk	bæjarhóll	bústaður	ekki sést til fornleifar	hætta	fyrst getið 16. öld
ÁR-262:007_01	Tunguhóll	bæjarhóll	bústaður	sést til	engin hætta	forn byggð?

Tafla 2: Allir bæir, býli og bæjartóftir sem skráð voru á Skeiðum árin 2017-2022.

kemur fyrir Landnámu en á grunni þess og staðsetningum kumla og kirkna er hægt að geta sér til um hvaða jarðir byggjast fyrst á svæðinu.

Samkvæmt Landnámu nam einn landnámsmaður Skeiðin, Ólafur tvennumbrúni, og átti hann að hafa búið á Ólafsvöllum.¹⁰ Flest bendir til þess að Ólafsvellir hafi líklega verið höfuðbýli svæðisins allt frá upphafi. Ólafsvallahverfi er eina hverfi sveitarinnar og var fjöldi hjáleigna í kraga umhverfis bæinn innan sameiginlegs heimatúns. Þar var eina kirkja sveitarinnar (fyrst getið um 1200) og er hún enn í notkun. Tvær hálfkirkjur voru í sveitinni, ein á Fjalli og hin á Reykjum. Staðsetning þeirra beggja er týnd og engin mannabein hafa fundist við jarðrask innan heimatúnanna. Ekkert bænhús er þekkt innan sveitarinnar sem vekur athygli. Orsakir þessa er e.t.v. helst að leita í búsetu- og/eða eignarhaldsmunstrum á 11. öld en jarðir á Skeiðum virðast snemma komast í eigu Skálholts. Flestir

10 ÍF I, 376-377

bæirnir eru að auki jafnstór meðalbýli með áþekk landgæði¹¹ og má túlka það sem afleiðingu þess að landi hafi verið úthlutað til einstaklinga sem ekki hafi haft tök á að byggja sín eigin guðshús.

Þrjú kuml hafa fundist á Skeiðum, öll í landi Álfsstaða. Fyrsta kumlið fannst undir lok 19. aldar en hin tvö um miðja 20. öld. Því miður fór ekki fram nein eiginleg rannsóknin á neinum fundarstaðanna. Mannbein fundust á Húsatóftaholti árið 1933, í hól sem kallaðist Hádegishóll, þegar félagsheimilið Brautarholt var byggt. Fundurinn var aldrei tilkynntur Þjóðminjasafni og engin rannsókn gerð. Ekki er vitað hvað varð um beinin né hafa varðveist munnmæli um fundinn utan upplýsinga sem fram koma í Jarðabók Skeiðahrepps.¹² Hádegishóll var eyktarmark á miðju Húsatóftaholti, um 400 m sunnan við bæinn á Húsatófum. Miðað við lýsingar er annar álíka hóll enn varðveittur skammt norðar. Þjóðleiðir komu saman á Húsatóftaholti um aldir en erfitt er að geta sér til um aldur þessara beina án rannsókna. Mögulegt er að þarna hafi einhver verið dysjaður eftir að hafa orðið úti og annar möguleiki er þarna hafi verið kuml en það verður ekki hægt að staðfesta án beinanna eða frekari upplýsinga um fundaraðstæður.

Ritaðar heimildir eru fremur hljóðar um jarðir á Skeiðum í gegnum aldirnar. Einungis tveggja jarða er getið í fornsögum; Reykja er getið í Njálu og Húsatóftir koma fyrir í Flóamanna sögu. Fjórar jarðir eru nefndar í fornum skjölum og yfirleitt er það í máldögum kirkna, (sjá tafla 2). Bæjanöfn sem eru ósamsett náttúrunöfn eru yfirleitt talin til marks um elsta stig búsetu og eru tvö slík á Skeiðum: Reykir og Fjall. Bæjanöfn sem enda á -staðir eru yfirleitt taldir tilheyra seinni stigum landnáms og eru fjórar jarðir á Skeiðum sem falla í þennan flokk: Blesastaðir, Álfsstaðir, Brjánsstaðir og Birnustaðir.

Miðað við fyrirbyggjandi gögn má telja að Ólafsvellir, Fjall, Álfsstaðir og Reykir séu með elstu jörðum sveitarinnar. Í kjölfarið hafi jarðir líkt og Framnes, Blesastaðir, Vorsabær, Birnustaðir og Húsatóftir byggst upp og ætla má að þær hafi þegar verið komnar í byggð um 1300. Það vekur athygli hversu fáar jarðir koma fyrir í máldögum og ritheimildum, flestra er fyrst getið í jarðabókum frá lokum 17. aldar. Ekki er ljóst hvaða merkingu á að leggja í þögn heimilda en líklegt virðist að flest lögbýlanna sem ekki eru nefnd í skjölum fyrr en á 17. eða 18. öld séu líklega byggð fyrr. Þetta má m.a. ætla út frá dýrleika jarðanna, landamerkjum og hjáleigum sem hafa byggst út frá þeim.

Eins og sést af umfjölluninni má leggja á ýmsan hátt út af tiltækum heimildum um upphaf byggðar á Skeiðum. Ólafsvellir virðast þó skera sig frá ördum jörðum á Skeiðum, þar var hverfismyndun, jörðin er fremur stór, staðsett í miðri sveit og með alkirkju.

Rannsóknir á fornleifum á Skeiðum

Rannsóknarsaga minja og minjastaða er ekki umfangsmikil né löng á Skeiðum. Litlar sem engar rannsóknir fóru t.d. fram þegar kuml fundust um miðja síðustu öld í landi Álfsstaða. Þegar mannabein komu í ljós á Húsatóftaholti árið 1933 var fundurinn ekki tilkynntur og því ekkert rannsakaður.

11 Orri Vésteinsson 1998, 1-29.

12 KEKH 2016, 79-81; Jón Eiríksson 2008, 148-148, 204.

Tveir friðlýstir minjastaðir eru á Skeiðum, báðir í landi Fjalls. Hofklettar ÁR-233:009 eru innan heimatúnsins, ofan á klettabrún sem kallast Hofin. Fjórar tóftir eru þar í hnapp, ein þeirra er stærst og aflöng. Hinar eru minni en sjást þó vel. Í Friðlýsingarskrá segir: „Hoftóftar-leifar á hjallabrún við efri túnjaðar, hjá klettum, er kallast Hofklettar.“¹³ Ekki hefur verið grafið í tóftirnar. Gvendarhóll ÁR-233:026 var friðlýstur árið 1966. Í Friðlýsingarskrá segir: „Gvendarhaugur svonefndur, allfyrirferðarmikið holt, sem einhvern tíma hefur verið bær á, um 1500 m fram undan bænum í beina stefnu á Útverk.“¹⁴ Þar má enn sjá óljósar tóftir en heimildir geta um að þær hafi verið um 11 talsins og mögulega verið svipaður staður og Hvítárholt í Hrunamannahreppi. Árið 2014 fór fram átak í skráningu friðlýstra minja og voru báðir þessir staðir þá mældir upp og eru þær mælingar aðgengilegar í minjavefsjá Minjastofnunar Íslands.¹⁵

Engin fornleifauppgröftur hefur farið fram svo vitað sé á Skeiðum. Sagnir eru þó um að Guðmundur Jónsson frá Kópavatni¹⁶ hafi grafið í Gvendarhól og staðfest að um fornan stað væri að ræða. Eins gróf Brynjúlfur Jónsson í Einbúa¹⁷ ÁR-234:021 í landi Framness undir lok 19. aldar og staðfesti að um náttúrumyndun væri að ræða.



Mynd 5: Minnisvarði Árnesingafélagsins í Reykjavík um Áshildarmýrarsamþykkt.

Árið 2018 var unninn rannsókn sem sneri að kortlagningu á Skeiða- og Flóaáveitu¹⁸ og nýttist hún vel í þessari skráningu.

Landeigendur í Kílhrauni gáfu Árnesingafélaginu í Reykjavík árið 1946 landspildu til minningar um að 500 ár voru síðan Áshildarmýrarsamþykkt sem var samþykkt. Árið 1496 komu Árnesingar saman að Áshildarmýri á Skeiðum, og var tilefnið að mótmæla yfirgangi Lénharðs fógeta og fleiri valdamanna í héraðinu. Árnesingafélagið reisti minnisvarða innan svæðisins og sundaði þar skógrækt um áratugaskeið. Svæðið er nú í umsjón Héraðsnefndar Árnesinga. Þetta er eini staðurinn á Skeiðum sem er merktur með upplýsingaskilti.

13 Sbr. Árb. 1894: 9-10. Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927. Friðlýsingarskrá, 58.

14 Skjal undirritað af KE 18.10.1966. Þinglýst 26.10.1966. Friðlýsingarskrá, 58.

15 Eva K. Dal og Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2015.

16 Ö-Fjall JG, 4-5.

17 Brynjúlfur Jónsson 1894, 15.

18 Ragnheiður Gló Gylfadóttir, 2020.

5. Samantekt um helstu minjaflokka


Á skráningarsvæðinu voru skráðar fornleifar af mjög fjölbreyttum toga og verður hér neðar fjallað um helstu minjaflokka.

Bæjarhólar og býli

Bæjarhólar myndast þar sem bæir hafa staðið lengi á sama stað. Þeir hlaðast upp úr mannvistarleifum í tímans rás og samanstanda af byggingaleifum, torfi, grjóti, gólfögum og öskuhaugum. Í bæjarhólum og öskuhaugum eru fólgnar miklar upplýsingar um húsakost, fæðu og almenn lífsskilyrði til forna. Í þeim er einnig líklegast að finna merka gripi. Bæjarhólar eru því mikilvægir minjastaðir en jafnframt sá minjaflokkur sem einna verst hefur farið í uppbyggingu í landbúnaði frá seinni hluta síðustu aldar og fram á þessa öld en brýnt er að koma í veg fyrir að bæjarhólar verði frekari eyðileggingu að bráð. Vandinn við bæjarhóla er að í meirihluta tilfella er enn búið á þeim og víða hafa steinsteypu hús með djúpum kjöllum verið byggð á þeim og skemmt þá að talsverðu leyti. Þar sem enn er búið á bæjarhólum er hæpið að réttlætlanlegt eða raunhæft sé að friða þá fyrir frekara raski, en skemmdir bæjarhólar geta þó verið markverð rannsóknarefni og er mikilvægt að reynt verði að finna leiðir til að fylgjast með framkvæmdum á þeim. Mikilvægastir eru þó bæjarhólar sem ekki hafa orðið fyrir raski og þar sem ekki hefur verið byggt á síðustu áratugum.



Mynd 6: Bæirnir í Ólafsvallahverfi voru innan sameiginlegs heimatúns árið 1906 líkt og sést á bæjarteikningu danskra landmælingamanna. Bæirnir voru staðsettir á lágum holtum og réðu þau stærð hverfisins. © Náttúrufræðistofnun Íslands



Mynd 7: Lögbýli og staðir þar sem eru mikil ummerki um búsetu eru sýndir sem hvít stjarna, minni býli eru svartir punktar. Hér sést vel hvernig bæirnir dreifast um sveitina, staðsettir á þurrum rimum og holtum.

©Náttúrufræðistofnun Íslands og Loftmyndir ehf

Lögbýlin sem voru skráð hafa flest verið byggð frá fornu fari og má ætla að skipulag byggðar á svæðinu hafi snemma verið komið í nokkuð fastar skorður (sjá tafla 2). Bæirnir eru gjarnan á holtum í mýrum og eina bæjarhverfið er á Ólafsvöllum, en þar voru alls átta bæir þegar mest lét, innan sameiginlegs heimatúns. Syðri-Brúnavellir og Brúnavallakot eru einnig innan sameiginlegs heimatúns en önnur lögbýli virðast stök að því best er vitað. Ástæðan er líklega sú að holtin sem bæirnir standa á eru flest fremur lítil, rými fyrir fjölbýli var takmarkað og jarðirnar flestar litlar. Á nokkrum bæjunum eru þó þekktar hjáleigur eða býli, nærri heimatúninu, á rimum eða minni stakstæðum holtum. Við upphaf 18. aldar átti Skálholtsstóll allar jarðir í hreppnum en undir lok 18. aldar höfðu allar jarðirnar, utan Ólafsvallahverfis, verið seldar og komnar í bændaeign.¹⁹

Alls var skráður 31 bæjarhóll á 30 lögbýlum í Skeiðahreppi. Á heildina litið er ástand þeirra fremur slæmt. Nánast allir eru þeir mikið raskaðir, á stórum hluta þeirra eru steinsteypt íbúðarhús, þar hafa verið byggð stór útihús og ýmislegt annað jarðrask orðið í gegnum tíðina. Fáeinir bæjarhólar skera sig þó úr. **Bæjarhóllinn ÁR-261:001_01** í Miðbýli er eini óraskaði bæjarhóllinn í Skeiðahreppi og á honum eru tóftir síðustu **bæjarhúsanna ÁR-261:001_02** vel varðveittar. Miðbýli fór í eyði árið 1923 og engin mannvirki voru byggð eftir það og jörðin eingöngu nýtt til beitar. Tveir bæjarhólar til viðbótar eru lítið raskaðir og má vænta þess að töluverð mannvistarlög séu þar að finna undir sverði. **Bæjarhóll ÁR-259:001_01** í Brúnavallakoti er mjög greinilegur en jörðin fer í eyði árið 1944. Sléttað var yfir hóllinn og engin mannvirki sjást þar á yfirborði lengur. **Bæjarhóll ÁR-258:001_01** á Syðri-Brúnavöllum hefur líka verið sléttaður en ummerki um hann sjást þó enn vel. Bærinn var fluttur af bæjarhólnum árið 1951 og ekkert mannvirki er nú innan gamla heimatúnsins. Bærinn í Borgarkoti var fluttur af **bæjarhól ÁR-247:001_01** árið 1937 en töluvert jarðrak hefur orðið þar síðan. Sléttað var yfir hóllinn og þar byggt fjárhús með niðurgrafinni hlöðu, sem eru nú að hruni komin. Framnes fór í eyði fljótlega eftir 1960 og á **bæjarhólnum ÁR-234:001_01** stendur enn **íbúðarhús ÁR-234:001_04** en það er nú ónýtt. Hrunin útihús eru sambyggð íbúðarhúsinu og mynda þau samstæðu af steypum og hlöðnum veggjum. Lítil ummerki um uppsöfnun/bæjarhól sjást hins vegar á yfirborði.

Á Skeiðum voru skráð 29 önnur býli. Fimm býlanna eru á Fjalli en færri á öðrum jörðum. Einhverra er fyrst getið í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá árinu 1710 en fleiri koma fyrst fyrir í örnefnaskrá²⁰ þar sem þeirra er ekki getið í neinum fornum heimildum sem er athyglisvert. Lítið er vitað um sögu býlanna utan þeirra upplýsinga sem fram koma í fornleifaskrá (hefti II og III). Umfang nokkurra býlanna bendir til þess að töluverð mannvist virðist undir sverði og má í þeim tilfellum ætla að býlin hafi verið í byggð um langa hríð þrátt fyrir að litlar ritaðar heimildir hafi varðveist um þau. Þetta á m.a. við um **Gvendarhól ÁR-233:026_01**, **Holt ÁR-239:049**, **Sléttakot ÁR-241:007**, **Miðkot ÁR-241:008**, **Stekk ÁR-245:023_01**, **Brennu ÁR-251:025**, **Götu ÁR-251:024**, **Strút ÁR-259:010_01**, **Vorsabæjarhjáleigu ÁR-260:018**, **Tunguhól ÁR-262:007_01** og **Miðbýliskot ÁR-261:010**. Að auki voru skráðir um fimm staðir til viðbótar (m.a. Grænaskjól ÁR-242:021 og Stekkatúnshól ÁR-242:019) þar sem talið var líklegt að væru býli

19 SB I, 410.

20 Sjá t.d. JÁM II, 199-201; Ö-Fjall JG, 4-5, Ö-Reykir ÞB, 2.

en nánar er fjallað um þá staði í kaflanum *Fjárskjli, beitarhús, heystæði og sel* síðar í skýrslunni.

Kirkjur, kuml og legstaðir

Alls voru skráðar 17 fornleifar sem tengja má við átrúnað og greftrun. Þrjár kirkjur voru á Skeiðum svo vitað sé. **Ólafsvallakirkju ÁR-251:002_01** er fyrst getið í heimildum um 1220²¹ og þar er enn kirkja ásamt **kirkjugarði ÁR-251:002_02. Hálfkirkjunnar ÁR-233:002 á Fjalli** er getið um 1220 og síðast kemur hún fyrir í máldögum undir lok 16. aldar. Það veður athygli að þegar Jarðabók Árna og Páls er gerð rúmum 100 árum síðar eru aðeins munnmæli til vitnis um kirkjuna og engin ummerki hennar sjáanleg.²² Ekki er vitað með vissu hvar kirkjan var en líklegast verður að telja að hún hafi verið nærri bænum þótt einnig hafa komið fram kenningar um að hún hafi verið nær Vörðufelli. **Heimagrafreitir ÁR-233:003** er á Fjalli, elsta leiðið sem þar sést er frá árinu 1965. **Hálfkirkjunnar ÁR-238:002** á Reykjum er fyrst getið í máldögum frá lokum 14. aldar en árið 1765²³ var hún afhelguð. Ekki er vitað hvar kirkjan var en líkt og á Fjalli má telja líklegast að hún hafi staðið nærri bænum. Engin bænhús eru þekkt í hreppnum.

Kuml eru legstaðir frá því fyrir kristnitöku. **Þrjú kuml ÁR-236:029-031** eru þekkt á Skeiðum, öll á Álfsstöðum. Þar kom fyrst í ljós kuml árið 1894 og hin tvö á árunum 1945-1947.²⁴ Öll voru þau austan við bæinn, á rima skammt utan við heimatúnið. Því miður er lítið vitað um samhengi kumlanna enda fór ekki fram nein rannsókn á svæðinu. Svæðið sem kumlin fundust á er um 400x90 m að stærð og ólíklegt að um kumlateg sé að ræða og að þar gætu leynst frekari kuml. Þarna eru nú slétt tún og mikið jarðrask orðið í gegnum tíðina.

Á Húsatóftaholti fundust **mannabein ÁR-239:050** við byggingaframkvæmdir árið 1933 í svokölluðum Hádegishól.²⁵ Því miður var beinafundurinn ekki tilkynntur Þjóðminjasafni og engin rannsókn fór þar fram. **Hóll ÁR-239:051** er skammt norðar og samkvæmt heimildamönnum er hann áþekkur að stærð og lögun og Hádegishóllinn var. Sumir telja líklegt að þar gætu einnig leynst bein en frekari rannsóknir þyrfti til að staðfesta eða hrekja þá getgátu.

Heimildir eru um sjö aðra legstaði innan Skeiðahrepps. Ólafur tvennumbrúni á m.a. að vera grafín í **Einbúa ÁR-234:021** eða **Brúnahaugi ÁR-234:030**, en báðir staðirnir eru í landi Framness. **Völvuleiði ÁR-236:026** var nærri bænum á Álfsstöðum en staðsetning þess er nú týnd. Sé tekið mið af örnefnaskránni má ætla að það hafi verið nærri kumlunum sem þarna fundust. Hólarnir **Þorleifshóll ÁR-238:045, Kárahóll ÁR-240:029, Áshildarhóll ÁR-246:045 og Helghóll ÁR-250:019** bera allir nöfn einstaklinga sem þar eiga að vera heygðir. Þorleifshóll var sléttaður fyrir alllöngu án þess að nokkur mannvist kæmi í ljós. Hinir staðirnir eru enn óraskaðir en af þeim er Kárahóll sá eini sem gæti verið manngerður.

21 DI XII, 7.

22 DI I, 406; AM 263 fol. bl. 49; JÁM II, 197.

23 DI IV 51; AM 263 fol; AM 2624to bl. 9b; PP, 80.

24 KEKH 2000, 79, 81; Ö-Álfsstaðir JE, 4.

25 Jón Eiríksson 2008, 204.

Auðkenni	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Ástand
ÁR-233:002		þúst	kirkja	sést til
ÁR-233:003		mannvirki	legstaður	sést til
ÁR-234:021	Einbúi	þjóðsaga	legstaður	sést til
ÁR-234:030	Brúnahaugur	sögustaður	legstaður	ekki sést til fornleifar
ÁR-236:026	Völvuleiði	örnefni	legstaður	ekki sést til fornleifar
ÁR-236:029		kuml	legstaður	ekki sést til fornleifar
ÁR-236:030		kuml	legstaður	ekki sést til fornleifar
ÁR-236:031		kuml	legstaður	sést til
ÁR-238:002		heimild	bænhús	ekki sést til fornleifar
ÁR-238:045	Þorleifshóll	heimild	legstaður	sést til
ÁR-239:050		heimild	legstaður	ekki sést til fornleifar
ÁR-239:051		þúst	legstaður	sést til
ÁR-240:029	Kárahóll	álagablettur	legstaður	sést til
ÁR-246:045	Áshildarhóll	þjóðsaga	legstaður	sést til
ÁR-250:019	Helghóll	sögustaður	legstaður	sést til
ÁR-251:002_01		hús	kirkja	sést til
ÁR-251:002_02		kirkjugarður	legstaður	sést til

Tafla 3: Allir staðir tengdir átrúnaði og grefrun sem skráðir voru á Skeiðum árin 2017-2022.

Tún og túngarðar

Tún eru grasgefin svæði í kringum bæjarhús sem áburður er borinn á og eru slegin síðsumars eða á haustin. Menn hafa hlaðið garða um tún sín um aldir en mikill kippur kom í túngarðahleðslu á 19. öld og var hún hluti af túnabótum sem áttu sér stað á þeim tíma. Húsdýraáburður var einkum borinn á tún og voru útihús því oft höfð vítt og breitt um túnið til þess að auðvelda áburðardreifinguna. Nánast engin gömul tún lögbýla og eða annarra býla eru eftir ósnortin á skráningarsvæðinu, í flestum tilfellum vegna túnasléttunar og annarra jarðabóta með vélum. Alls voru skráðir 48 túngarðar á Skeiðum, flestir í landi Votumýrar og Miðbýlis, eða fjórir á hvorri jörð.

Túngarðar voru umhverfis öll heimatún lögbýlanna sem og umhverfis tún nokkurra býla á skráningarsvæðinu. Túngarðarnir eru flestir sýndir á bæjarteikningum danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakortum frá 1920. Samanlagt afmarkar 31 túngarður heimatún eða skipta þeim niður í skákir. Á Vorsabæ, Álfsstöðum og Efri-Brúnavöllum voru skráðir tveir túngarðar, heimatúnin þar voru á tveimur aðskildum holtum með keldum eða mýrum á milli. Eins afmarkaði **túngarður ÁR-251:011** sameiginlegt heimatún Ólafsvallahverfis en innan þess eru sex lögbýli auk tveggja minni býla. Um þriðjungur túngarðanna er horfinn en einhver ummerki má sjá um aðra túngarða á svæðinu. Af þeim má segja að þrír garðar séu einna best varðveittir og skeri sig nokkuð úr fjöldanum. **Túngarður ÁR-233:043_01** í Fjalli sést enn að stórum hluta. Ein helsta ástæðan er vafalaust sú að túnið nær upp í neðstu brekkur Vörðufells og þar sem engin sléttun hefur átt sér stað. Hið sama má segja um **túngarð ÁR-235:024** á Birnustöðum, hann sést enn í brekkurótum

Auðkenni	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Ástand
ÁR-233:032_03		garðlag	túngarður	hleðslur standa grónar
ÁR-233:043_01		garðlag	túngarður	hleðslur signar
ÁR-234:033		garðlag	túngarður	hleðslur signar
ÁR-235:005_03		garðlag	túngarður	hleðslur signar
ÁR-235:024		garðlag	túngarður	hleðslur signar
ÁR-236:007_01		kantur	túngarður	sést til
ÁR-236:007_02		heimild	túngarður	ekki sést til fornleifar
ÁR-236:042_02		garðlag	túngarður	hleðslur signar
ÁR-237:008_01		heimild	túngarður	ekki sést til fornleifar
ÁR-238:012_01		heimild	túngarður	ekki sést til fornleifar
ÁR-238:012_02		garðlag	túngarður	hleðslur signar
ÁR-238:023	Akurhólar	örnefni	akur	ekki sést til fornleifar
ÁR-238:024	Akurhóll	örnefni	akur	ekki sést til fornleifar
ÁR-239:011		garðlag	túngarður	hleðslur útflattar
ÁR-239:018	Gerði	heimild	tún	ekki sést til fornleifar
ÁR-240:009		kantur	túngarður	sést til
ÁR-240:023_02		garðlag	túngarður	hleðslur signar
ÁR-241:005		heimild	túngarður	ekki sést til fornleifar
ÁR-241:008_03		garðlag	túngarður	hleðslur signar
ÁR-242:003		garðlag	túngarður	hleðslur signar
ÁR-242:007		garðlag	túngarður	hleðslur signar
ÁR-242:019_04		heimild	túngarður	ekki sést til fornleifar
ÁR-242:021_03		garðlag	túngarður	hleðslur signar
ÁR-243:006		heimild	túngarður	ekki sést til fornleifar
Alls voru átta heystæði og -gryfjur í landi Miðbýlis, sjö í landi Kálfhóls, fimm á Löngumýri og Ólafsvöllum en færri á öðrum jörðum.

Vörslugarðar

Alls voru skráðir 30 vörslugarðar á 16 lögbýlum og að auki einn forngarður sem taldist vera á fleiri en einni jörð. Flestir voru vörslugarðarnir á Fjalli og Reykjum, þrír á hvorri jörð. Enn fremur voru

Auðkenni	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Ástand
ÁR-233:033		garðlag	vörslugarður	hleðslur standa grónar
ÁR-233:037	Markagarður	garðlag	vörslugarður	hleðslur signar
ÁR-233:059		garðlag	vörslugarður	hleðslur signar
ÁR-234:044		garðlag	vörslugarður	hleðslur signar
ÁR-235:017		garðlag	vörslugarður	hleðslur signar
ÁR-236:013_02		garðlag	vörslugarður	hleðslur signar
ÁR-236:044_02		garðlag	vörslugarður	hleðslur signar
ÁR-238:052		garðlag	vörslugarður	hleðslur signar
ÁR-238:066		garðlag	vörslugarður	hleðslur signar
ÁR-238:068		garðlag	vörslugarður	hleðslur standa grónar
ÁR-239:014_01		garðlag	vörslugarður	hleðslur signar
ÁR-239:053		garðlag	vörslugarður	sést til
ÁR-240:022		garðlag	vörslugarður	sést til
ÁR-240:027		garðlag	vörslugarður	sést til
ÁR-241:026		garðlag	vörslugarður	hleðslur signar
ÁR-242:026		garðlag	vörslugarður	hleðslur signar
ÁR-242:030		garðlag	vörslugarður	hleðslur signar
ÁR-245:008		garðlag	vörslugarður	hleðslur signar
ÁR-245:040		garðlag	vörslugarður	hleðslur signar
ÁR-247:013		garðlag	vörslugarður	hleðslur signar
ÁR-248:012		garðlag	vörslugarður	hleðslur signar
ÁR-248:019		garðlag	vörslugarður	hleðslur signar
ÁR-249:036		garðlag	vörslugarður	hleðslur signar
ÁR-251:012		garðlag	vörslugarður	hleðslur signar
ÁR-251:014	Ólafsvallagarðar	heimild	vörslugarður	ekki sést til fornleifar
ÁR-260:010		garðlag	vörslugarður	hleðslur signar
ÁR-260:026		garðlag	vörslugarður	ekki sést til fornleifar
ÁR-262:003	Garður	garðlag	vörslugarður	hleðslur standa grónar
ÁR-661:029		garðlag	vörslugarður	hleðslur signar
ÁR-238:017	Sandgirðing	heimild	varnargarður	sést til

Tafla 13: Allir vörslu- og varnargarðar sem skráð voru á Skeiðum árin 2017-2022.

fjölmarginir sandvarnargarðar á Reykjasandi skráðir sem ein heild. Ástand þessa minjaflokks er með besta móti, en 71% sjást enn.

Þrír vörslugarðar skera sig úr vegna umfangs, tveir í landi Fjalls og sá þriðji í landi Arakots. **Markagarður ÁR-233:037** á Fjalli sést enn á um 440 m löngum kafla, á landamerkjum Iðu í Biskupstungum í vesturhlíð Vörðufells. Garðurinn var bæði notaður sem landamerki og til að varna búpeningi að fara á milli jarðanna. **Vörslugarður ÁR-233:033** er nokkru sunnar í hlíðum Vörðufells. Hann náði allt að Hvítá og var líklega hlaðinn á fyrri hluta 19. aldar. Garðurinn sést enn í fjallshlíðunum á rúmlega 400 m löngum kafla. **Vörslugarður ÁR-248:012** í landi Arakots sést enn að hluta en afmarkaði að öllum líkindum áður mun stærra svæði en nú. Hann myndar sveig í mýri og skildi líklega á milli heimatúns og úthaga. Garðurinn sést á um 400 m löngum kafla en austurhlutinn er kominn í tún.


Á fyrri hluta 20. aldar er greinilegt að nokkur útfærsla verður á túnnum í hreppnum með tilkomu aukinnar framræslu. Á Birnustöðum var **vörslugarður ÁR-235:017** hlaðinn skammt vestan við heimatúnið, á austurbakka Bæjargilsins. Hann er tæplega 400 m að lengd og ber þess merki að vera ungur, hugsanlega á mörkum þess að teljast til fornleifa. Hann ber útfærslu túnsins á fyrri hluta 20. aldar vitni og tilraunum til að varna ágangi Bæjarlækjarins yfir heimatúnið. Á Ólafsvöllum voru hlaðnir garðar á mörkum túna og úthaga um 1920, svokallaðir **Ólafsvallagarðar ÁR-251:014**. Garðarnir voru sunnan við heimatún Ólafsvallahverfis, um 1,5 km að lengd en öll ummerki þeirra eru horfin.

Tvö forn garðlög voru skráð í hreppnum. Ummerki um **fornan garð ÁR-242:030** eru í úthögum Votumýrar og er hægt að rekja hann á um 80 m löngum kafla. Garðurinn sést sem þýfður hryggur, allt að 4 m á breidd. Á gömlum loftmyndum sést að garðurinn afmarkaði mun stærra svæði til suðvesturs og skildi líklega á milli mýra og gróinna holta. **Garður ÁR-661:029** sést vel í landi Kílhrauns og Votumýrar. Hann er um 850 m að lengd og hlykkjast til suðurs frá heimatúni Löngumýrar, yfir mýrlendi og endar í Merkurhrauni í landi Kílhrauns. Hann er ógreinilegur í mýrinni en sést betur í hrauninu.

Landnýting utan túna (mógrafir, torfrista, malar- og grjótnám)

Miklar breytingar urðu í úthögum á Skeiðum á 20. öld. Þar eru þó enn margvíslegar minjar og voru skráð 85 mannvirki sem flokkast sem minjar um úthaganýtingu.

Af þessum minjum eru mógrafir einn stærsti minjaflokkurinn, en alls voru skráðar 64 mógrafir á 24 lögbýlum. Gera má ráð fyrir að mór hafi verið aðal eldsneytið á flestum jörðum á skráningarsvæðinu fram um aldamótin 1900 og væntanlega eitthvað lengur. Þó að mógrafir teljist e.t.v. ekki á meðal mest spennandi minjastaða er mikilvægt er að halda til haga upplýsingum um hvar mór var tekinn til þess að áætla umfang mótekjunnar enda gat góð mótekja skipt gríðarlegu máli fyrir afkomu jarða. Í Vorsabæ voru mógrafir á sex svæðum en færri mógrafir voru á öðrum jörðum. Fjöldinn á hverri jörðu skiptir í raun minna máli en stærð grafanna og á Skeiðum voru gríðarstórar mógrafir á þónokkrum stöðum. Í landi Ólafsvallahverfis voru um 5 ha **mógrafir ÁR-**



Mynd 9: Mótekju- og torfristuvæði sem skráð voru á Skeiðum. Mór var yfirleitt ristur í mýrym, flóðum og dælum í úthögum jarðanna og sýna aðra dreifingu og nýtingu úthaga en mannvirki sem nýtt voru undir skepnur.

©Náttúrufræðistofnun Íslands og Loftmyndir ehf

251:005 rétt vestan við heimatúnið og á Álfstöðum voru 3 ha **mógrafir** **ÁR-236:038** svo einhver dæmi séu tekin.

Auðkenni	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Ástand	ha
ÁR-233:024	Grafir	náma	mógrafir	sést til	1,1
ÁR-233:050		heimild	mógrafir	ekki sést til fornleifar	1,8
ÁR-233:062		náma	mógrafir	sést til	0,1
ÁR-234:016	Mómýri	heimild	mógrafir	ekki sést til fornleifar	
ÁR-235:012	Hólmar	náma	mógrafir	sést til	0,7
ÁR-235:018		náma	mógrafir	sést til	1,6
ÁR-235:023		náma	mógrafir	sést til	0,3
ÁR-235:029	Lautir	heimild	mógrafir	ekki sést til fornleifar	
ÁR-236:034		náma	mógrafir	sést til	0,1
ÁR-236:038		náma	mógrafir	sést til	3
ÁR-237:030		heimild	mógrafir	ekki sést til fornleifar	
ÁR-238:027	Grafir	heimild	mógrafir	ekki sést til fornleifar	
ÁR-239:029	Grafir	náma	mógrafir	sést til	1,1
ÁR-239:062		náma	mógrafir	sést til	1
ÁR-240:017	Syðri-Grafir	náma	mógrafir	sést til	0,9
ÁR-240:018	Ytri-Grafir	náma	mógrafir	sést til	2,4
ÁR-241:012	Grafir	náma	mógrafir	sést til	2
ÁR-241:016_02		heimild	mógrafir	ekki sést til fornleifar	0,3
ÁR-241:018		heimild	mógrafir	ekki sést til fornleifar	
ÁR-242:013	Grafir	náma	mógrafir	sést til	2,6
ÁR-242:014	Ytri-Grafir	náma	mógrafir	sést til	0,3
ÁR-242:015		náma	mógrafir	sést til	0,4
ÁR-242:022		náma	mógrafir	sést til	0,7
ÁR-243:013_01	Grafir	náma	mógrafir	sést til	1,4
ÁR-243:018	Vestrilágar	heimild	mógrafir	ekki sést til fornleifar	0,4
ÁR-244:014	Grafir	náma	mógrafir	ekki sést til fornleifar	0,06
ÁR-244:019	Strokkhólsgrafir	náma	mógrafir	sést til	2
ÁR-244:023	Ullarhólsgrafir	náma	mógrafir	sést til	0,3
ÁR-244:032		náma	mógrafir	sést til	0,4
ÁR-244:033		náma	mógrafir	sést til	0,2
ÁR-245:014		heimild	mógrafir	ekki sést til fornleifar	
ÁR-245:017	Eystri-Grafir	heimild	mógrafir	ekki sést til fornleifar	2,8
ÁR-245:018	Vestri-Grafir	náma	mógrafir	sést til	1,3
ÁR-247:005	Flaghólsgrafir	náma	mógrafir	sést til	0,5
ÁR-247:007	Ytri-Grafir	náma	mógrafir	sést til	1,5
ÁR-247:018		náma	mógrafir	sést til	1,5
ÁR-248:006	Grafir	náma	mógrafir	sést til	1,5
ÁR-248:011		náma	mógrafir	sést til	1,2
ÁR-248:013		náma	mógrafir	sést til	1,1
ÁR-249:011	Efri-Grafir	náma	mógrafir	sést til	2,6
ÁR-249:012	Fremri-Grafir	náma	mógrafir	sést til	2,4
ÁR-250:015	Grafir	heimild	mógrafir	ekki sést til fornleifar	1,5

ÁR-250:022		náma	mógrafir	sést til	0,3
ÁR-251:005	Grafardæl	náma	mógrafir	sést til	5
ÁR-251:032	Grafir	heimild	mógrafir	sést til	3,3
ÁR-251:036		náma	mógrafir	sést til	0,07
ÁR-251:045	Minnivallagrafir	náma	mógrafir	sést til	2,8
ÁR-251:049		náma	mógrafir	sést til	1,7
ÁR-257:011	Efri-Grafir	náma	mógrafir	sést til	0,5
ÁR-257:025	Fremri-Grafir	heimild	mógrafir	ekki sést til fornleifar	
ÁR-258:018		náma	mógrafir	sést til	1,3
ÁR-259:012	Efri-Grafir	náma	mógrafir	sést til	0,08
ÁR-259:013	Syðri-Grafir	náma	mógrafir	sést til	1,1
ÁR-260:008		náma	mógrafir	sést til	0,08
ÁR-260:009	Grafir	náma	mógrafir	sést til	1,7
ÁR-260:012	Hjáleigukrókur	náma	mógrafir	sést til	1
ÁR-260:014	Móhóll	náma	mógrafir	sést til	
ÁR-260:036		náma	mógrafir	sést til	0,2
ÁR-260:039		náma	mógrafir	sést til	0,8
ÁR-261:008	Grafir	náma	mógrafir	sést til	1,5
ÁR-261:020		náma	mógrafir	sést til	0,5
ÁR-261:024		náma	mógrafir	sést til	0,2
ÁR-261:027		náma	mógrafir	sést til	0,4
ÁR-262:017	Mórinn	náma	mógrafir	sést til	1,2

Tafla 14: Allar mógrafir sem skráðar voru á Skeiðum árin 2017-2022.

Ástand mógrafanna er misjafnt, sumar eru enn vel greinilegar meðan aðrar sjást einna best á loftmyndum. Hluti mógrafanna sem skráður var fannst á gömlum loftmyndum en nú horfinn í slétt tún eða skurði. Það vakti athygli að garðlög liggja innan nokkurra mógrafasvæða, tilgangurinn er án efa að skipta þeim niður, en hugsanlegt er einnig að þau hafi verið nýtt til að ganga eftir og auðvelda yfirferð um svæðin.

Torf var rist víða innan skráningarsvæðisins. Aðalheimildin um ristu á svæðinu er Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín en í henni er tekið fram hvort rista hafi verið á hverjum bæ og hversu mikil og góð hún var. Örnefni gefa einnig stundum til kynna hvar ristusvæði voru. Alls voru skráð 15 ristusvæði en engin ummerki sáust um ristuna. Gera má ráð fyrir að torf hafi verið rist mun víðar og gjarnan við sjálf mannvirkin, líkt og Skjólgarður ÁR-233:029 ber vitni um.

Auðkenni	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Ástand
ÁR-233:058		heimild	rista	ekki sést til fornleifar
ÁR-234:022	Reiðingsrimi	heimild	rista	ekki sést til fornleifar
ÁR-235:019	Torfklettur	heimild	rista	ekki sést til fornleifar
ÁR-236:012		heimild	rista	ekki sést til fornleifar
ÁR-237:020	Torfhóll	heimild	rista	ekki sést til fornleifar
ÁR-239:043	Torfdæl	örnefni	rista	ekki sést til fornleifar
ÁR-240:013	Torfbalar	heimild	rista	ekki sést til fornleifar
ÁR-241:0161	Torfdæl	heimild	rista	ekki sést til fornleifar
ÁR-242:031	Torfbalar	dæld	rista	sést til

ÁR-244:026		heimild	rista	ekki sést til fornleifar
ÁR-247:010	Torfdæl	örnefni	rista	ekki sést til fornleifar
ÁR-254:005	Torfdæl	örnefni	rista	ekki sést til fornleifar
ÁR-260:017	Torfhóll	heimild	rista	ekki sést til fornleifar
ÁR-261:018		heimild	rista	ekki sést til fornleifar
ÁR-262:022	Torfholt	heimild	rista	ekki sést til fornleifar
ÁR-238:028	Vikrar	náma	malarnáma	ekki sést til fornleifar
ÁR-236:017	Kolhólar	heimild	kolagröf	ekki sést til fornleifar
ÁR-239:016		heimild	efnistaka	ekki sést til fornleifar
ÁR-241:011	Brennhólar	heimild	efnistaka	ekki sést til fornleifar
ÁR-249:017	Sandhóll	heimild	efnistala	ekki sést til fornleifar
ÁR-238:029	Grjótgarðar	náma	hellutak	sést til

Tafla 15: Ristu- og efnistökusvæði sem skráð voru á Skeiðum árin 2017-2022.

Fimm efnistökusvæði voru skráð í sveitinni. Tvö þeirra, **námur ÁR-239:016 og ÁR-241:011** voru notaðar þegar Skeiðvegur var byggður upp fljótlega eftir 1900, vikur var seldur úr **námu ÁR-238:028** og sandur í traðir og hlöð voru í **Sandhólum ÁR-249:017**. Grjót var einnig tekið þegar Reykjaréttir voru hlaðnar í svokölluðum **Grjótgördum ÁR-238:039** sem eru skammt frá þeim.

Nýting á vatni

Gott aðgengi að ferskvatni er forsenda búsetu og hér á landi hafa ýmis mannvirki verið reist í tengslum við nýtingu vatns um aldir, brunnar voru grafnir, lækjum veitt í skurðum til neyslu, baða og þvotta eða til orkunýtingar líkt og í myllum, rjómabúum eða rafstöðvum. Gott aðgengi er að vatni á skráningarsvæðinu og víða eru keldur, flóð, dælar og lækir í mýrum. Stundum var jafnvel of mikið um vatn, t.d. frá Vörðufelli og úr flóðum úr Hvítá.²⁸ Einhver vatnsfallanna sjást enn í náttúrulegum farvegum en flestum hefur verið veitt í skurði, m.a. á merkjum nánast allra jarða í hreppnum. Alls voru skráðar tæplega 80 fornleifar sem tengja má við nýtingu á vatni utan þeirra sem tengjast Skeiðaáveitu, en um hana verður fjallað sérstaklega í kaflanum hér á eftir.

Heyja var aflað víðar en á túnnum og voru engjar og aðrar slægjur í úthögum nauðsynlegar hverju býli. Umfangsmestu vatnsveitingamannvikin hérlendis eru án efa áveitur sem reistar voru í þeim tilgangi að bæta slægjulönd, oftast mýrar eða engi.²⁹ Lítið er vitað um áveitur hérlendis til forna en gera má ráð fyrir að á fyrstu öldum byggðar hafi stór hluti heyfordans komið af engjum. Líklega hefur snemma komist á skýr skipting í tún og engi. Túnin voru þá heima við bæi, á þau var borið og reynt að verja fyrir ágangi búfjár. Engjar voru hins vegar fjar bae, á þær var hvorki borið né reynt að verja fyrir ágangi búfjár. Engjar voru oft votlendar og oftast ekki erfiðar til heyskavar. Engjar gátu þó verið þurrar og á þeim var einhvers konar skiptirækt, þ.e. þær notaðar annað árið og hvíldar hitt. Algengustu slægjulöndin voru á mýrum, flóum eða flæðum.


28 M.a. Jón Eiríksson 2008, 19; SB II, 410.

29 Birna Lárusdóttir 2011, 183-184.

Engjaheyskapur var ríkjandi á Skeiðum um aldir og ein helsta uppistaða búskaparins. Mýrar, dælar, flóð og rimar voru slegin og það var ekki fyrr en á þriðja áratug 20. aldar sem tún verða almennari í hreppnum. Þrátt fyrir það er ekki vitað um margar „gamlar“ áveitur í Skeiðahreppi. Þekking á engjabúskap á Skeiðum virðist takmörkuð fyrir tíma Skeiðaáveitu en tilkoma hennar virðist hafa haft í för með sér einhvers konar þekkingarrof á engjabúskap og líklega afmáð ummerki um eldri áveitur. Það eru þó vísbendingar um eldra áveitukerfi í landi Húsatófta og Efri-Brúnavalla. Örnefnið **Stífla ÁR-239:042** er í landi Húsatófta og í landi Efri-Brúnavalla eru örnefnið Stífluhóll og **Stíflupyttur ÁR-257:018**. Þessir staðir eru nánast á merkjum þessara jarða og bera líklega sömu áveitu vitni en hún sést ekki lengur né vitað hvaða svæði hún náði yfir.

Alls voru skráðar sjö áveitur sem líklega eru frá seinni hluta 19. aldar sem oft er kallað blómaskeið áveitutímans á Íslandi.³⁰ Bændur á Vorsabæ og Birnustöðum veittu lækjum á engjar og notuðu til þess **áveitur ÁR-235:013** og **ÁR-235:016**. Önnur áveita var fyrir Birnustaði og Álfsstaði, **ÁR-236:033** og var vatn í henni tekið úr læk á merkjum þessara jarða. **Áveita ÁR-236:021** var að auki í landi Álfsstaða. Tvær áveitur voru í landi Ósabakka, **ÁR-237:011** og **ÁR-237:012** og nýttu vatn úr Bæjarósnum. Það vekur athygli að Skeiðaáveitan náði ekki til allra þessara jarða sem allar eru nærri Vörðufelli en tilkoma hennar virðist hafa umbreytt allri þekkingu áveitum og mögulega afmáð eldri áveitukerfi og þekkingu á þeim í nánast allri sveitinni.

Nokkur ummerki um framræslu voru skráð en hafa ber í huga að þessi mannvirki urðu



Mynd 10: Loftmyndin er tekin sumarið 1946 og Ólafsvallahverfi er neðarlega fyrir miðri mynd. Ummerki um engjahlátt má sjá víða norðan við heimatúnið, í mýrum og dælum. ©Náttúrufræðistofnun Íslands

eflaust flest hluti Skeiðaáveitu síðar (sjá umfjöllun neðar) og bæði nýtt til að veita vatni frá og að svæðum. Á árunum 1884-1889 var gerður **framræsluskurður ÁR-661:047** umhverfis Vörðufell af Gísla Gíslasyni, búfræðingi, en hvar nákvæmlega hann var staðsettur er ekki vitað né umfangið þekkt.³¹ **Hjörtsskurður ÁR-240:034** er í landi Hlemmiskeiðs og dregur líklega nafn sitt af Hirti Þorkelssyni bónda á árunum 1869-1882. **Ágústarskurður ÁR-259:011** var gerður af Ágústi Helgasyni um aldamótin 1900, einnig í landi Hlemmiskeiðs og sést enn að hluta. Í landi Útverka er **Kakkarskurður ÁR-262:009** en staðsetningin bendir til þess að hann sé ekki hluti Skeiðaáveitu þó ekki sé það útilokað. **Skurður ÁR-262:020** afmarkaði austur- og suðurhliðar heimatúnsins í Útverkum og sést á túnakorti frá 1920. Hann var án efa nýttur til að veita vatni frá heimatúninu og gerður eftir 1906, hann sést ekki á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá því ári. Sr. Stefán Stephensen var prestur á Ólafsvöllum á árunum 1865-1885 og lét grafa tvo skurði sem kölluðust sama nafni, **Prestsskurður ÁR-251:027** og **Prestsskurður ÁR-661:028**. Báðir veittu þeir vatni frá svokölluðum Vatnsstæðum, annar í Gráhelluskurð og hinn í Bauluós. Engin ummerki sjást lengur um skurðina og mun stærri vélgrafnir skurðir á sama stað.

Auðkenni	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Ástand
ÁR-235:016	Austurmýri	mannvirki	áveita	sést til
ÁR-235:013	Hólaáveita	mannvirki	áveita	sést til
ÁR-239:042	Stífla	heimild	áveita	ekki sést til fornleifar
ÁR-257:018	Stífluhóll	örnefni	áveita	ekki sést til fornleifar
ÁR-236:021		mannvirki	áveita	sést til
ÁR-236:033		garðlag	áveita	sést til
ÁR-237:011		garðlag	áveita	hleðslur signar
ÁR-237:012		garðlag	áveita	hleðslur signar
ÁR-239:064		garðlag	áveita	hleðslur standa grónar
ÁR-234:040		heimild	áveita	sést til

Tafla 16: Áveitur sem skráðar voru á Skeiðum árin 2017-2022.

Í úthögum á Skeiðum má víða sjá ummerki um Skeiðaáveitu sem var gerð á árunum 1917-1923 í landi 20 bújarða og náði hún yfir 3120 ha svæði. Áveitan náði til allra jarða í hreppnum, utan tveggja (Álfsstaðir og Ósabakki) og mannvirki henni tengd eru fjölmörg.³² Byrjað var að grafa smærri skurði með handaffi árið 1917 en aðfærsluskurðurinn var grafinn með gröfu og hófst sú vinna tveimur árum síðar. Í heildina varð allt skurðakerfi áveitunnar tæpir 66 km að lengd. Eftir að verkið var hafið var mælt fyrir nauðsynlegustu flóðgörðum á 17 býlum og eru kort til af þeim jörðum öllum (sjá hefti II og II).³³ Þau voru gerð af Halldóri Pálssyni en eru án ártals. Kortin sýna skurðakerfið vel en á þeim er lítið af flóðgörðum eða öðrum mannvirkjum áveitunnar. Áveitan var endurbætt og flóðgörðum bætt við hana allt fram yfir 1930. Vorið 1929 voru gerðar endurbætur á flóðgáttinni, hlaðnir varnargarðar meðfram Þjórsá og ný flóðgátt sett ofan við þá gömlu. Áveitan

31 Jón Gíslason 1974, 32.

32 Jón Eiríksson 2008, 452.

33 Uppdrættir Búnaðarsambands Íslands af Skeiðaáveitu. Þjóðskjalasafn Íslands.



Mynd 11: Skeiðaáveitan og mannvirki henni tengd. ©Loftmyndir ehf

var nýtt að einhverju marki á næstu árum og síðast árið 1951. Hún var tekin úr notkun árið 1975 og þá fyllt upp í flóðgáttina. Þá voru margir skurðir fallnir saman og mannvirkjum hafði ekki verið viðhaldið lengi.³⁴

Flóðgarðar voru gerðir á kostnað bænda og var eftirfylgni með þeirri framkvæmd lítil sem engin. Flóðgarðarnir voru hlaðnir á árunum 1918-1923 en aldrei var lokið við gerð allra þeirra garða sem höfðu verið ráðgerðir. Svo virðist sem víða hafi verið vikið frá áætlaðri legu garðanna og því ber kortunum ekki alltaf vel saman við raunveruleikann. Þeir flóðgarðar sem hlaðnir voru á árunum 1918-1922 voru samtals 14.500 rúmmetrar en einhverjir garðar til viðbótar voru hlaðnir eftir að þessar tölur voru teknar saman 1923. Árið 1925 var gagnrýnt að bændur hefðu ekki lokið við gerð flóðgarðanna. Þar kemur fram að vatn haldist illa á engjasvæðunum og að nýting svæðanna sé slæm, þar sem vatnið leiti inn á svæði sem ekki séu slegin.³⁵ Árið 1918 og á næstu árum voru

Auðkenni	Sérheiti	Stærð áveitulands (ha)
ÁR-233:071	Skeiðaáveita	70
ÁR-234:024	Skeiðaáveita	57
ÁR-238:067	Skeiðaáveita	91
ÁR-239:027	Skeiðaáveita	386
ÁR-240:025	Skeiðaáveita	278
ÁR-241:027	Skeiðaáveita	207
ÁR-242:033	Skeiðaáveita	192
ÁR-243:003	Skeiðaáveita	188
ÁR-244:015	Skeiðaáveita	266
ÁR-245:042	Skeiðaáveita	213
ÁR-246:031	Skeiðaáveita	18
ÁR-247:011	Skeiðaáveita	6
ÁR-248:005	Skeiðaáveita	56
ÁR-249:031	Skeiðaáveita	159
ÁR-250:018	Skeiðaáveita	56
ÁR-251:028	Skeiðaáveita	542
ÁR-257:012	Skeiðaáveita	135
ÁR-258:014	Skeiðaáveita	98
ÁR-259:016	Skeiðaáveita	85
ÁR-260:040	Skeiðaáveita	243
ÁR-261:030	Skeiðaáveita	212
ÁR-262:026	Skeiðaáveita	105
ÁR-661:001	Skeiðaáveita	3120

Tafla 17: Skeiðaáveitan náði til 20 jarða á Skeiðum. Enn má sjá ummerki áveitunnar á þeim öllum í einhverjum mæli.

byggðar nokkrar trébrýr yfir skurði, samtals 30 brýr. Þegar kom að endurnýjun þessara mannvirkja var ætlunin að steypa þær, en ekki er vitað hvort það var gert né hvar umræddar brýr voru staðsettar.

34 Helgi Skúli Kjartansson 1988, 2; SB I, 416-423; Jón Eiríksson 2008, 451, 453; Pálmi Einarsson og Sigurður Sigurðsson 1925, 20-22, 66.

35 Pálmi Einarsson og Sigurður Sigurðsson 1925, 25-27.

Alls voru 70 tréstíflur settar í skurðina og fleirum átti að bæta við eftir að flóðgarðar voru hlaðnir.³⁶ Ekki er ljóst hvort að þær urðu að veruleika og flestir skurðirnir verið grafnir upp síðar og með þeim hurfu öll ummerki um stíflur sem og brýr.

Erfitt er að aðgreina mannvirki **Skeiðaáveitu ÁR-661:001** frá eldri garðlögum og skurðum á svæðinu með hefðbundnum skráningaraðferðum. Ástæðan er annars vegar gríðarlegt umfang kerfisins og svo sú staðreynd að ekki eru til heilstæð kort af Skeiðaáveitu. Til að auðvelda yfirsýn var Skeiðaáveita líka skráð undir sértöku númeri á lögbýlunum 20 sem hún náði til, hverju og einu mannvirki var ekki gefið einingunúmer. Með þessari skiptingu reynt að safna að skipulegan hátt upplýsingum um engjar, bæði fornar og frá 20. öld, og mannvirki þeim tengdum.³⁷

Alls voru skráðir 33 brunnar en mikill meirihluti þeirra er horfin. Aðeins sáust ummerki um fjóra brunna á svæðinu. Steyptur **brunnur ÁR-247:012** er enn í Stórugjá í landi Borgarkots. **Brunnur ÁR-249:009** er enn greinilegur á Löngumýri en járnlok hylur hann að fullu. Hið sama má segja um **brunn ÁR-251:001_03** á Ólafsvöllum, timburplanki er yfir honum. **Brunnur ÁR-261:013** sést enn vestan við bæjartóftirnar í Miðbýli en hann hefur þó verið fylltur af grjóti. Öll yfirborðsummerki um aðra brunna á svæðinu eru horfin.

Samtals voru skráð önnur vatnsból en brunnar á 11 stöðum, í flestum tilvikum lækir í hlíðum Vörðufells, heitar laugar og hraun sprungur. Öll vatnsbólín, utan lækjanna, eru horfin og hafa víða þornað upp og borað í heitu laugarnar.

Þrjár myllur eru þekktar á Skeiðum. **Mylla ÁR-233:016_01** er skammt ofan við heimatúnið á Fjalli og eru óljós ummerki hennar auk **stíflu 016_02** merkjanleg þar. Á Birnustöðum var **mylla ÁR-235:027** en hún hvarf undir skriðu á 20. öld. Renna sem veitti vatni að myllunni sést þó enn. Í Kílhrauni var **mylla ÁR-246:038_01** talin hafa verið til forna, uppi á hól. Sú hugmynd um staðsetningu virðist ólíkleg og öllu líklegra að hún hafi verið neðan við hólinn, en engin lækur rennur á þessum slóðum nú.

Tvær rafstöðvar voru skráðar á Skeiðum, önnur í Framnesi og hin á Birnustöðum. Þær teljast ekki enn til fornleifa samkvæmt lögum en tilheyra sérstöku tímabili hérlendis þegar sveitir landsins voru að rafvæðast og þykja því merkur vitnisburður um umbyltingaskeið í sögu lands og þjóðar og voru því skráðar. **Rafstöð ÁR-234:029** var við Bæjarlækinn í Framnesi. Ummerki um hana eru horfin og hvorki vitað með vissu hvar hún né hvar stíflan var. **Rafstöð ÁR-235:041_01** í landi Birnustaða er hrúnin og sjást nú aðeins steypubrot þar sem hún stóð. Hins vegar má enn sjá **stíflu 041_02** hátt uppi í Úlfsgili og **stökk 041_03** sem liggur niður fjallshlíðina. **Rjómabú ÁR-234:017** var stofnað í Framnesi árið 1903 og starfaði í um 15 ár eða svo. Engin ummerki þess sjást lengur.

Tvær sundlaugar voru skráðar á Skeiðum. Á Reykjum var steinsteyp **sundlaug ÁR-238:004** byggð innan heimatúnsins árið 1912. Laugin var notuð fram yfir 1920 en eftir að hún féll úr notkun ver henni breytt í hæsnakofa og síðar reykkofa samkvæmt heimildamönnum. Árið 1938 var byggð **sundlaug ÁR-239:063** í landi Húsatófta og vatni veitt að henni í tréstocki. Báðar þessar laugar eru horfnar. Hið sama gildir hér og um rafstöðvarnar, sundlaugarnar voru mikilvægur staður í sögu

36 Jón Eiríksson 2008, 466.

37 Rétt er að ítreka að mun ítarlegri umfjöllun um Skeiðaáveitu er m.a. í örnefnaskrá jarðanna, Sunnlenskum byggðum I, Jarðabók Skeiðahrepps og Ragnheiður Gló Gylfadóttir 2020.

sveitarinnar.

Alls eru 11 þekktir þvottastaðir á Skeiðum en óvíst hversu mikil mannvirki voru á þeim í upphafi. Engin ummerki um staðina sjást lengur en lækir, ár, mýrarflóð og mógrafir virðast hafa verið notuð til þvotta. Gera má ráð fyrir að þvottastaðir hafi verið víðar enda enginn hörgull á vatni á Skeiðum.


Auðkenni	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Ástand
ÁR-260:011	Austurbrunnur	heimild	brunnur	ekki sést til fornleifar
ÁR-241:006	Brunndæl	heimild	brunnur	ekki sést til fornleifar
ÁR-234:009	Brunnklettur	heimild	brunnur	ekki sést til fornleifar
ÁR-249:027	Brunnur	heimild	brunnur	ekki sést til fornleifar
ÁR-240:031	Gvendarbrunnur	heimild	brunnur	ekki sést til fornleifar
ÁR-260:024	Heimabrunnur	heimild	brunnur	ekki sést til fornleifar
ÁR-239:033	Lambabrunnur	heimild	brunnur	ekki sést til fornleifar
ÁR-249:024	Lambhúsbrunnur	heimild	brunnur	ekki sést til fornleifar
ÁR-247:017	Stóragjá	lind	brunnur	sést til
ÁR-260:023	Suðurbrunnur	heimild	brunnur	ekki sést til fornleifar
ÁR-235:022		heimild	brunnur	ekki sést til fornleifar
ÁR-236:023		heimild	brunnur	ekki sést til fornleifar
ÁR-237:002		heimild	brunnur	ekki sést til fornleifar
ÁR-238:022		heimild	brunnur	ekki sést til fornleifar
ÁR-240:003		heimild	brunnur	ekki sést til fornleifar
ÁR-242:009		heimild	brunnur	ekki sést til fornleifar
ÁR-243:007		heimild	brunnur	ekki sést til fornleifar
ÁR-244:008		frásögn	brunnur	ekki sést til fornleifar
ÁR-244:028		heimild	brunnur	ekki sést til fornleifar
ÁR-245:010		heimild	brunnur	ekki sést til fornleifar
ÁR-246:042		heimild	brunnur	ekki sést til fornleifar
ÁR-248:004		heimild	brunnur	ekki sést til fornleifar
ÁR-249:009		brunnur	brunnur	sést til
ÁR-251:001_03		brunnur	brunnur	sést til
ÁR-251:004		heimild	brunnur	ekki sést til fornleifar
ÁR-252:006		heimild	brunnur	ekki sést til fornleifar
ÁR-253:004		heimild	brunnur	ekki sést til fornleifar
ÁR-256:006		heimild	brunnur	ekki sést til fornleifar
ÁR-257:005		heimild	brunnur	ekki sést til fornleifar
ÁR-258:009		heimild	brunnur	ekki sést til fornleifar
ÁR-259:009		heimild	brunnur	ekki sést til fornleifar
ÁR-261:013		brunnur	brunnur	sést til
ÁR-262:025		heimild	brunnur	ekki sést til fornleifar
ÁR-259:011	Ágústarskurður	renna	framræsla	sést til
ÁR-262:009	Kakkaskurður	renna	framræsla	sést til
ÁR-661:028	Prestsskurður	heimild	framræsla	ekki sést til fornleifar
ÁR-251:027	Prestsskurðurinn	heimild	framræsla	ekki sést til fornleifar
ÁR-240:034		renna	framræsla	sést til
ÁR-262:020		renna	framræsla	sést til
ÁR-661:047		heimild	framræsla	ekki sést til fornleifar
ÁR-233:016_01	Myllulækur	hleðsla	mylla	sést til

ÁR-235:027		renna	mylla	sést til
ÁR-246:038_01		heimild	mylla	hleðslur signar
ÁR-233:016_02		stífla	óþekkt	hleðslur signar
ÁR-234:029		heimild	rafstöð	ekki sést til fornleifar
ÁR-235:041_01		mannvirki	rafstöð	sést til
ÁR-235:041_02		mannvirki	rafstöð	sést til
ÁR-235:041_03		renna	rafstöð	sést til
ÁR-234:017		heimild	rjómabú	ekki sést til fornleifar
ÁR-238:004	Reykjalaug	heimild	sundlaug	ekki sést til fornleifar
ÁR-239:063		heimild	sundlaug	ekki sést til fornleifar
ÁR-235:031	Bæjarlækurinn	heimild	vatnsból	sést til
ÁR-239:026	Drykkjarsteinn	náttúrumin	vatnsból	sést til
ÁR-233:055	Fagrilækur	lind	vatnsból	sést til
ÁR-262:013	Gjáin	heimild	vatnsból	ekki sést til fornleifar
ÁR-239:015	Laugin	lind	vatnsból	sést til
ÁR-238:015_01	Reykjahver	heimild	vatnsból	ekki sést til fornleifar
ÁR-233:018		heimild	vatnsból	ekki sést til fornleifar
ÁR-236:015		heimild	vatnsból	ekki sést til fornleifar
ÁR-240:033		heimild	vatnsból	ekki sést til fornleifar
ÁR-260:020		heimild	vatnsból	ekki sést til fornleifar
ÁR-260:031		heimild	vatnsból	ekki sést til fornleifar
ÁR-235:008	Flesja	heimild	þvottastaður	ekki sést til fornleifar
ÁR-244:017	Læmi	heimild	þvottastaður	ekki sést til fornleifar
ÁR-249:026	Sokkagröf	heimild	þvottastaður	ekki sést til fornleifar
ÁR-245:029	Ullarhólar	heimild	þvottastaður	sést til
ÁR-244:011	Ullarhóll	náttúrumin	þvottastaður	ekki sést til fornleifar
ÁR-237:028	Ullarhóllinn	heimild	þvottastaður	ekki sést til fornleifar
ÁR-257:019	Þvottadæl	örnefni	þvottastaður	ekki sést til fornleifar
ÁR-234:011	Þvottaklettur	heimild	þvottastaður	ekki sést til fornleifar
ÁR-245:030	Þvottanef	heimild	þvottastaður	ekki sést til fornleifar
ÁR-238:015_02		heimild	þvottastaður	ekki sést til fornleifar
ÁR-249:025		heimild	þvottastaður	ekki sést til fornleifar


Tafla 18: Staðir tengdir margvíslegri nýtingu á vatni voru skráðir á Skeiðum árin 2017-2022.

Samgönguminjar


Einn stærsti minjaflokkurinn sem skráður var á Skeiðum eru samgönguminjar en samtals var skráður 161 slíkur staður, m.a. götur, traðir, vöð, áningarstaðir og brýr. Samgöngukerfi hreppsins er vel þekkt, fjölfarnar þjóðleiðir voru um aldir meðfram Hvítá og Þjórsá og Merkurhraunsvegur lá skáhallt eftir rimum og holtum og tengdi þær saman. Með bættum samgöngum við upphaf 20. aldar færðist umferðin inn í miðja sveitina þar sem Skeiðavegur er enn. Innan hveirrar bújarðar voru styttri leiðir, t.d. leiðir innan túna sem svo tengdust lengri leiðum á milli bæja. Aðrar leiðir lágu yfir fleiri en eina jörð og voru skráðar undir númerinu ÁR-661. Ekki er mikið um sýnilegar



Mynd 12: Skráðar leiðir á Skeiðum árin 2017-2022 eru fjölmargar.. ©Náttúrufræðistofnun Íslands



Mynd 13: á myndinni má sjá allar fornleifar sem tengjast samgögnum á Skeiðum. ©Loftmyndir ehf



Mynd 14: Loftmynd frá árinu 1961 sýnir vel leiðir sem nú eru horfnar að mestu vegna sléttunar. Leið ÁR-661:037 lá til suðurs frá Vorumýri og leið ÁR-661:036 að Grænaskjólí ÁR-242:023 og áfram til norðurs að Stekkatúni ÁR-242:019. Umfangið gefur til kynna að leiðrinar hafi verið fjölfarnar. ©Nátturufraeðistofnun Íslands.

samgöngubætur á þessum leiðum né á skráningarsvæðinu í heild. Það eru einna helst hlaðnar brýr, yfir keldur og mýrar sem voru skráðar, alls 11 talsins. Að auki voru skráðar 13 brýr minni yfir skurði og læki.

Samtals voru skráðar 24 traðir sem merktar höfðu verið inn á bæjarteikningar danskra

landmælingamanna frá 1906 og túnakort frá 1920, á 21 lögbýli. Heimreiðarnar voru í flestum tilvikum horfnar vegna sléttunar, vegagerðar eða annars rasks. Í tveimur tilfellum sást þó enn til traðanna. Einn veggur **traða ÁR-233:047** sést enn á Fjalli og vegur ber **tröðum ÁR-239:002** á Húsatóftum enn vitni.

Skráðar voru 90 leiðir og sáust ummerki um tæplega 60% þeirra enn, alls 53 leiðir. Hægt er að flokka leiðirnar í þrennt: þjóðleiðir, leiðir innan hreppa og styttri leiðir innan lögbýla. Leiðir innan jarðanna liggja t.d. frá bæjum og út á engjar, milli húsa eða eru óljósar götur sem aðeins var hægt að rekja á stuttum kafla og ekki er vitað með vissu hvert lágu. Það liggur í augum uppi að skráðar leiðir innan jarða gefa ekki raunsanna mynd af samgöngum innan lögbýlanna – enda hafa í öllum tilfellum verið þar ótal leiðir frá bæjum og um landeignirnar. Hið sama má segja um leiðir á milli bæja. Þær lágu meðal annars til kirkna innan svæðis, á milli bæja eða að ferjustöðum. Einnig eru dæmi um að leiðir sem lágu innan hreppa hafa síðan hafi sameinast þjóðleiðum. Á skráningarsvæðinu eru margar þjóðleiðir og lega þeirra er víðast hvar þekkt. Þrátt fyrir að leiðirnar hafi verið eins um aldir fundust engu að síður fleiri gamlar þjóðleiðir á gömlum loftmyndum. Með því að mæla þær upp í landfræðilegu upplýsingakerfi var hægt að sjá hluta þeirra enn hér og þar. Án þessara gömlu mynda hefði verið útilokað að meta hvort þetta hafi verið leiðir eða ekki. Svo virðist sem farið hafi verið eftir þurrum rimum á milli bæja sem og innan jarða, og áhugavert hvernig staðir líkt og Ólafsvallasel ÁR-251:20 og Grænaskjól ÁR-242:021 voru í alfaraleið að því virðist.

Alls voru skráð 10 vöð, öll yfir ár, keldur og læki á svæðinu sem voru miklir farartálmur áður fyrr. Flest eru þau á þekktum þjóðleiðum eða leiðum á milli bæja. Ekkert þeirra sést lengur utan **Vaðsins ÁR-233:028**.

Aðrar samgönguminjar á skráningarsvæði voru áfangastaðir, vörður, tjaldstaði og ferjur.

Samtala	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Ástand
ÁR-236:014	Ferðamannahólar	örnefni	áfangastaður	sést til
ÁR-240:014	Áfangadæl	heimild	áfangastaður	ekki sést til fornleifar
ÁR-242:018	Rekstrarhóll	heimild	áfangastaður	ekki sést til fornleifar
ÁR-245:022	Rekstrarhóll	heimild	áfangastaður	sést til
ÁR-246:032	Baunhóll	náttúrumin	áfangastaður	sést til
ÁR-251:035	Áfangadæl	örnefni	áfangastaður	ekki sést til fornleifar
ÁR-257:015		heimild	áfangastaður	ekki sést til fornleifar
ÁR-236:028		heimild	brú	ekki sést til fornleifar
ÁR-237:019	Stórabrú	heimild	brú	ekki sést til fornleifar
ÁR-238:026	Fljótsbrú	heimild	brú	ekki sést til fornleifar
ÁR-239:023		brú	brú	sést til
ÁR-239:052		hleðsla	brú	hleðslur útflattar
ÁR-239:060		hleðsla	brú	sést til
ÁR-245:020	Kirkjuhlöð	heimild	brú	ekki sést til fornleifar
ÁR-246:015	Steinbogi	hleðsla	brú	hleðslur standa grónar
ÁR-246:022		heimild	brú	ekki sést til fornleifar
ÁR-247:009	Steinbogi	hleðsla	brú	hleðslur signar
ÁR-253:005		brú	brú	sést til
ÁR-262:018_01	Gráhelluskurður	heimild	brú	ekki sést til fornleifar

ÁR-262:027		heimild	brú	ekki sést til fornleifar
ÁR-233:039	Ferjustaðaáll	heimild	ferja	ekki sést til fornleifar
ÁR-250:009		heimild	ferja	ekki sést til fornleifar
ÁR-233:006		gata	leið	sést til
ÁR-233:041	Móklif	örnefni	leið	
ÁR-233:048		heimild	leið	ekki sést til fornleifar
ÁR-233:051	Kúasnið	gata	leið	sést til
ÁR-233:052		gata	leið	sést til
ÁR-233:056	Fagralækjarsnið	heimild	leið	ekki sést til fornleifar
ÁR-235:032	Grenshlið	heimild	leið	ekki sést til fornleifar
ÁR-235:039	Birnustaðavagnbraut	vegur	leið	sést til
ÁR-235:040		gata	leið	sést til
ÁR-236:010		gata	leið	sést til
ÁR-236:035	Uppgöngusnið	heimild	leið	ekki sést til fornleifar
ÁR-236:036		heimild	leið	ekki sést til fornleifar
ÁR-236:048		gata	leið	sést til
ÁR-238:040	Réttarvegur	vegur	leið	sést til
ÁR-238:041		heimild	leið	ekki sést til fornleifar
ÁR-238:042	Stórhólgata	gata	leið	sést til
ÁR-238:050	Sandlækjargata	heimild	leið	ekki sést til fornleifar
ÁR-238:051	Skógargata	vegur	leið	sést til
ÁR-238:054	Dalgata	gata	leið	sést til
ÁR-238:069		heimild	leið	ekki sést til fornleifar
ÁR-239:024	Bakkarnir	gata	leið	sést til
ÁR-239:037		heimild	leið	sést til
ÁR-239:039	Rekstrargötur	gata	leið	sést til
ÁR-239:045		heimild	leið	ekki sést til fornleifar
ÁR-239:059		gata	leið	sést til
ÁR-241:023		heimild	leið	ekki sést til fornleifar
ÁR-242:012	Engjabraut	heimild	leið	ekki sést til fornleifar
ÁR-244:016		heimild	leið	ekki sést til fornleifar
ÁR-246:009		gata	leið	sést til
ÁR-246:018	Árhraungata	gata	leið	sést til
ÁR-246:035	Þrengsli	gata	leið	sést til
ÁR-246:044		gata	leið	sést til
ÁR-249:035		vegur	leið	sést til
ÁR-251:018		gata	leið	sést til
ÁR-251:023		gata	leið	sést til
ÁR-251:033	Engjagata	gata	leið	sést til
ÁR-251:037	Svíri	heimild	leið	ekki sést til fornleifar
ÁR-251:052		heimild	leið	ekki sést til fornleifar
ÁR-251:053	Ólafsvallabrautin forna	heimild	leið	ekki sést til fornleifar
ÁR-252:002		heimild	leið	ekki sést til fornleifar
ÁR-258:013		vegur	leið	hleðslur signar
ÁR-258:015		heimild	leið	hleðslur signar

ÁR-258:017		vegur	leið	sést til
ÁR-260:027		heimild	leið	ekki sést til fornleifar
ÁR-261:015_02		brú	leið	sést til
ÁR-262:023		heimild	leið	ekki sést til fornleifar
ÁR-661:002	Hvítárgötur efri	heimild	leið	ekki sést til fornleifar
ÁR-661:003		heimild	leið	ekki sést til fornleifar
ÁR-661:004		gata	leið	sést til
ÁR-661:005		heimild	leið	ekki sést til fornleifar
ÁR-661:006	Kirkjugötur	gata	leið	sést til
ÁR-661:007		gata	leið	sést til
ÁR-661:008		gata	leið	ekki sést til fornleifar
ÁR-661:009	Hólagötur	gata	leið	sést til
ÁR-661:010	Sandbraut	gata	leið	sést til
ÁR-661:011	Þjórarárgötur	gata	leið	sést til
ÁR-661:012	Bakkabraut	gata	leið	sést til
ÁR-661:013	Gamli Löngumýrarvegur	vegur	leið	sést til
ÁR-661:014	Skógargata	gata	leið	sést til
ÁR-661:015	Þjóðleiðin fram Skeiðin/Merkurhraunsvegur	gata	leið	sést til
ÁR-661:016	Skeiðavegurinn	vegur	leið	sést til
ÁR-661:017		heimild	leið	ekki sést til fornleifar
ÁR-661:018		gata	leið	sést til
ÁR-661:019	Kotsbraut	heimild	leið	ekki sést til fornleifar
ÁR-661:020	Kirkjurif	heimild	leið	ekki sést til fornleifar
ÁR-661:021	Tæpistígur	gata	leið	sést til
ÁR-661:022	Löngulágargata	gata	leið	sést til
ÁR-661:023	Hvítárgötur fremri	gata	leið	sést til
ÁR-661:024		heimild	leið	ekki sést til fornleifar
ÁR-661:025		heimild	leið	ekki sést til fornleifar
ÁR-661:026		heimild	leið	ekki sést til fornleifar
ÁR-661:027		gata	leið	sést til
ÁR-661:030		gata	leið	sést til
ÁR-661:031	Kotabraut	gata	leið	sést til
ÁR-661:032		heimild	leið	ekki sést til fornleifar
ÁR-661:033		heimild	leið	ekki sést til fornleifar
ÁR-661:034		heimild	leið	ekki sést til fornleifar
ÁR-661:035		gata	leið	sést til
ÁR-661:036		gata	leið	sést til
ÁR-661:037		gata	leið	sést til
ÁR-661:038		gata	leið	sést til
ÁR-661:039		gata	leið	sést til
ÁR-661:040		heimild	leið	ekki sést til fornleifar
ÁR-661:041	Árhraunsbraut hin forna	gata	leið	sést til

ÁR-661:042		heimild	leið	ekki sést til fornleifar
ÁR-661:043		gata	leið	sést til
ÁR-661:044		heimild	leið	ekki sést til fornleifar
ÁR-661:045		heimild	leið	ekki sést til fornleifar
ÁR-661:046		gata	leið	sést til
ÁR-234:037	Framnesbrú	heimild	samgögnubót	sést til
ÁR-233:025	Brúarós	hleðsla	samgöngubót	sést til
ÁR-234:007		heimild	samgöngubót	ekki sést til fornleifar
ÁR-234:004	Prestsbrú	brú	samgöngubót	hleðslur signar
ÁR-238:020		brú	samgöngubót	sést til
ÁR-241:009		brú	samgöngubót	hleðslur signar
ÁR-251:048		brú	samgöngubót	hleðslur signar
ÁR-258:016		brú	samgöngubót	hleðslur signar
ÁR-261:029		brú	samgöngubót	sést til
ÁR-262:028		brú	samgöngubót	sést til
ÁR-233:063		brú	samgöngubót	sést til
ÁR-246:019	Vörðuhóll	örnefni	samgöngubót	ekki sést til fornleifar
ÁR-260:035	Tjaldhóll	örnefni	tjaldstæði	sést til
ÁR-238:030	Gunnarshólmi	heimild	tjaldstæði	ekki sést til fornleifar
ÁR-238:044	Tjaldstæði	heimild	tjaldstæði	ekki sést til fornleifar
ÁR-246:021	Tjaldhóll	náttúrumin	tjaldstæði	ekki sést til fornleifar
ÁR-233:047		hleðsla	traðir	hleðslur signar
ÁR-234:031	Traðarflöt	heimild	traðir	ekki sést til fornleifar
ÁR-235:021		heimild	traðir	ekki sést til fornleifar
ÁR-236:002		heimild	traðir	ekki sést til fornleifar
ÁR-238:003	Traðir	heimild	traðir	ekki sést til fornleifar
ÁR-239:002		vegur	traðir	hleðslur útflattar
ÁR-240:002		heimild	traðir	ekki sést til fornleifar
ÁR-241:002		heimild	traðir	ekki sést til fornleifar
ÁR-242:002		heimild	traðir	ekki sést til fornleifar
ÁR-243:002_01		heimild	traðir	ekki sést til fornleifar
ÁR-243:002_02		heimild	traðir	ekki sést til fornleifar
ÁR-244:003_01		heimild	traðir	ekki sést til fornleifar
ÁR-244:003_02		heimild	traðir	ekki sést til fornleifar
ÁR-245:002		heimild	traðir	ekki sést til fornleifar
ÁR-246:002		heimild	traðir	ekki sést til fornleifar
ÁR-249:003_01		heimild	traðir	ekki sést til fornleifar
ÁR-249:003_02		heimild	traðir	ekki sést til fornleifar
ÁR-250:002		heimild	traðir	ekki sést til fornleifar
ÁR-251:006		heimild	traðir	ekki sést til fornleifar
ÁR-255:002		heimild	traðir	ekki sést til fornleifar
ÁR-257:002		heimild	traðir	ekki sést til fornleifar
ÁR-260:025		heimild	traðir	ekki sést til fornleifar
ÁR-261:015_01		heimild	traðir	ekki sést til fornleifar
ÁR-262:019		heimild	traðir	ekki sést til fornleifar

ÁR-233:028	Vaðið	gata	vað	sést til
ÁR-237:010	Langholtsvað	heimild	vað	ekki sést til fornleifar
ÁR-237:022	Vaðhólar	örnefni	vað	ekki sést til fornleifar
ÁR-238:019	Heybandsvað	heimild	vað	ekki sést til fornleifar
ÁR-238:032	Lambabrot	heimild	vað	ekki sést til fornleifar
ÁR-238:046	Prestkonuvað	heimild	vað	ekki sést til fornleifar
ÁR-260:034		heimild	vað	ekki sést til fornleifar
ÁR-262:010	Reiðnef	heimild	vað	ekki sést til fornleifar
ÁR-262:016	Á Teitsviki	heimild	vað	ekki sést til fornleifar
ÁR-262:018_02		heimild	vað	ekki sést til fornleifar

Tafla 19: Samgönguminjar sem skráðar voru á Skeiðum árin 2017-2022.

Landamerki

Landamerki voru oft miðuð við náttúruleg kennileiti en þar sem þurfti voru stundum hlaðin garðlög eða vörður til að marka af jarðnæði. Skráð voru 38 fornleifar sem mörkuðu land á Skeiðum. Af þeim voru vörður algengastar, alls 29 talsins. Þær voru hlaðnar á rimum og holtum í mýrum sem og uppi á Vörðufjalli. Af þessum vörðum sjást nú einungis ummerki á sjö stöðum. Alls voru skráð átta garðlög á merkjum og má enn greina ummerki um fimm þeirra. Það er góð varðveisla miðað við aðra minjastaði á Skeiðum.

Samtala	Sérheiti	Tegund	Ástand
ÁR-235:007_02		garðlag	hleðslur signar
ÁR-243:009		garðlag	hleðslur signar
ÁR-245:012		garðlag	hleðslur signar
ÁR-245:016	Garðlag	garðlag	hleðslur signar
ÁR-248:018		garðlag	hleðslur signar
ÁR-238:034	Mánagarður	heimild	ekki sést til fornleifar
ÁR-249:029	Flóðgarðar	heimild	ekki sést til fornleifar
ÁR-262:024		heimild	ekki sést til fornleifar
ÁR-246:033	Svartiklettur	heimild	sést til
ÁR-233:054		heimild	ekki sést til fornleifar
ÁR-235:007_01	Rauðaflagsvarða	heimild	ekki sést til fornleifar
ÁR-235:009		heimild	ekki sést til fornleifar
ÁR-235:010	Grenshliðsvarða	heimild	ekki sést til fornleifar
ÁR-237:016		heimild	ekki sést til fornleifar
ÁR-239:025	Brennipúfa	heimild	ekki sést til fornleifar
ÁR-239:038	Efri-Markhóll	heimild	sést til
ÁR-239:054	Einbúi	heimild	ekki sést til fornleifar
ÁR-241:014	Stelpupúfa	heimild	ekki sést til fornleifar
ÁR-241:025	Sléttakotsvarða	heimild	ekki sést til fornleifar
ÁR-242:010		heimild	ekki sést til fornleifar
ÁR-242:011	Steinteigsvarða	heimild	ekki sést til fornleifar

ÁR-245:011	Markavarða	heimild	ekki sést til fornleifar
ÁR-246:020	Svartavarða	heimild	ekki sést til fornleifar
ÁR-250:012		heimild	ekki sést til fornleifar
ÁR-257:010	Gíslaþúfa	heimild	ekki sést til fornleifar
ÁR-257:020	Þverrimaþúfa	heimild	ekki sést til fornleifar
ÁR-261:019		heimild	ekki sést til fornleifar
ÁR-261:021		heimild	ekki sést til fornleifar
ÁR-233:053	Varðan	varða	hleðslur signar
ÁR-234:020_01	Þrívörður/Birnustaðavörður	varða	sést til
ÁR-234:020_02		varða	sést til
ÁR-234:020_03		varða	hleðslur útflattar
ÁR-235:020		varða	hleðslur signar
ÁR-235:025		varða	hleðslur signar
ÁR-236:006	Hornmarksvarða	heimild	ekki sést til fornleifar
ÁR-236:018	Einbúavarða	varða	sést til
ÁR-239:030	Grautarvarða	varða	hleðslur signar
ÁR-242:017	Markhóll	varða	hleðslur signar

Tafla 20: Fornleifar tengdar landamerkjum sem skráðar voru á Skeiðum árin 2017-2022.

Aðrar minjar og viðbætur

Í umfjölluninni hér að ofan hefur aðeins verið stiklað á stóru um þá minjaflokka sem er að finna innan svæðisins sem þessi skýrsla fjallar um og er hún því ekki tæmandi. Það eru margar aðrar minjar innan skráningarsvæðisins sem falla í aðra flokka en hér hefur verið fjallað um og vísast til fornleifaskrár til upplýsinga um þær. Þar er m.a. að finna álagabletti, leikvelli, staði tengda þjóðtrú, sögustaði og tóftir/þústir með óþekkt hlutverk.

6. Fornleifar á Skeiðum


Með fornleifaskráningunni hafa verið dregin fram einkenni byggðar á Skeiðum sem og upplýsingar um landnýtingu í gegnum aldirnar. Frá árinu 2017 hafa samanlagt verið skráðar tæplega 1200 fornleifar á um 1000 minjastöðum á Skeiðum. Minjarnar dreifast á um 30 lögbýli. Allar fornleifar á skráningarsvæðinu njóta verndar samkvæmt lögum um menningarminjar og eru því jafn hátt settar. Hins vegar eru minjarnar eins misjafnar og þær eru margar. Sumir minjastaðanna kunna að vera frá fyrstu öldum byggðar en aðrir eru frá fyrstu áratugum 20. aldar og sumar fornleifarnar eru alveg horfnar á meðan aðrar standa enn undir þaki eða eru greinilegar rústir.

Um dreifingu minjastaða gildir sú meginregla að flestar fornleifar eru í heimatúnum, í og við bæi. Því fækkar fornleifum eftir því sem fjær dregur frá bæ. Dreifing minjastaða er svipuð um allt skráningarsvæðið. Þéttasta dreifingin er í heimatúnum bæja og býla og næsta nágrenni þeirra en þar eru helstu athafnasvæðin innan hveirrar bújarðar. Að meðaltali eru um 37 fornleifar á hverju lögbýli en dreifingin er mjög misjöfn. Almennt eru fleiri minjar á hátt metnum jörðum en minni lögbýlum sem höfðu lægra jarðamat. Á bæjum sem búið hefur verið á alla 20. öld hafa undantekningalítið átt sér stað gagngerar breytingar; ný íbúðarhús hafa verið byggð og útihús endurnýjuð eða byggð frá grunni. Sömuleiðis hafa tún verið sléttuð, skurðir grafnir, vegir heim að bæ lagfærðir o.s.frv. Það er því algengt að hartnær ekkert lifi eftir af þeim fornleifum sem voru sýnilegar heim við bæi og í túnum við upphaf 20. aldar á landsvísu og eru Skeiðin engin undantekning. Ástand fornleifa var metið á vettvangi og eru ástandsflokkarnir sex talsins:

- a) Ekki sést til fornleifar. Rústin er horfin, byggt hefur verið á henni eða henni rutt burt.
- b) Hleðslur signar. Hleðslur hrundar að því marki að lögun tófta er orðin ógreinileg og gjarnan hlaupnar í þúfur. Hleðsluhæð 20-80 cm en getur verið hærra þar sem rústir eru afmyndaðar af stórþýfi.
- c) Hleðslur standa grónar. Hleðslur byrjaðar að renna í sundur en standa enn að mestu leyti þannig að lögun og herbergjaskipun tófta er greinileg, gróid yfir grjót í veggjum og gólf. Hleðsluhæð 80-150 cm.
- d) Hleðslur standa. Þök hrunin en hleðslur standa enn þannig að greina má einstök umför af torfi/grjóti. Hleðsluhæð 150 cm +
- e) Undir þaki. Húsið er enn undir þaki. Miðað er við að þakið sé allt uppistandandi.
- f) Sést til fornleifar. Þar sem ekki er um eiginlega tóft að ræða en leifarnar sjást hinsvegar, t.d. mógrafir, áletranir og lendingar.


Varðveisla fornleifa á Skeiðum er fremur slæm var um helmingur fornminja á hverri jörð (að meðaltali) horfinn af yfirborði. Þetta hlutfall er svipað og á flestum þeim svæðum sem hafa verið aðalskráð á Suðurlandi.³⁸ Á skífuriti 1 má sjá skiptingu minjastaða eftir ástandi. Þessi slæma varðveisla stafar annars vegar af breyttri landnýtingu á 20. öld sem hófst með aukinni framræslu og hins vegar því að holt og rimar sem voru áður þungamiðja athafna eru það enn og þar hefur rask

38 M.a. Ragnheiður Gló Gylfadóttir o.fl. 2017b, 232; Ragnheiður Gló Gylfadóttir o.fl. 2018, 303.




Mynd 15: Ástand skráðra fornleifa á Skeiðum. Á myndinni sést vel hvernig mesta minjaþéttinn er nærri bæjunum og um leið hversu mikið af þeim minjum eru horfnar af yfirborði. ©Náttúrufræðistofnun Íslands

